

SKOÐUN Læknir getur stundum ekkert sannreynt við útgáfu vottorða, skrifar Teitur Guðmundsson. **15**

MENNING Sigríður Eyrún Friðriksdóttir og Karl Olgeirsson eru ástfangin og keppa í undankeppni Eurovision. **34**

SPORT Ísland mætir Svíþjóð í Abu Dhabi í dag en þetta er fyrsti leikur knattspyrnulandsliðsins á árinu. **31**

RISAÚTSALA
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
MEIRA EN 1000
VÖRUTEGUNDIR MED ÖTRÚLEGUM AFSLÆTTI
Sjá úrvalið á ht.is

Heimilistæki
www.ht.is
SUDURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - Sími 569 1500

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur
21. janúar 2014
17. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Nýr heimur opnast
Foreldravekfernið Söguskjóður á Dalvík miðar að því að efla erlenda foreldra til þátttöku í skólastarfi og hefur haft víðtæk áhrif. **2**

Venja af nikótíni Ráðgjöf í reykbindindi aðstoðar sífellt fleiri sem vilja hætta að taka í vörina eða tyggja nikótíntyggjó. **4**

Björgunarmiðstöð Keflavíkurflugvöllur er heppilegasta staðsetningin fyrir alþjóðlega björgunarmiðstöð segir utanríkisráðherra. **10**

Auðnum misskipt 85 ríkustu jarðarbúarnir eiga jafn mikið og helmingur alls mannkyns samkvæmt skýrslu hjálpsamtaka. **12**

Kartöfluuppskeran klárast fyrr en áður

Kartöflubændum fækkar vegna lágs verðs og uppskerubrests vegna veðurs. Þingmaður segir búgreinina vera að komast á valista. Kallað er eftir ríkisstyrkjum.

LANDBÚNAÐUR Á rúmum áratug hefur kartöflubændum fækkað úr tvö hundruð í 32. Fækkunin kemur til vegna lágs verðs og uppskerubrests vegna veðurs. Bein afleiðing er minni framleiðsla og aukinn innflutningur á erlendum kartöflum, sem hefst fyrr en áður. Formaður Félags kartöflubænda gagnrýnir aðgerðarleysi stjórnvalda.

„Það er alveg ljóst að þetta er búið hjá mönnum miklu fyrr nú en áður,“ segir Bergvin Jóhannsson, bóndi á Áshóli og formaður Félags kartöflubænda, um áhrif fækkunar kartöflubænda á uppskeruna. Berg-

Kartöflubændur að komast á valista

Haraldur Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, ræddi stöðu kartöflubænda í umræðum um landbúnaðarafurðir á Alþingi í síðustu viku. Hann sagði búgreinina vera að komast á „valista“ vegna uppskerubrests og lágs verðs. Bergvin staðfestir að sú mynd sem Haraldur dró upp sé nærri lagi.

vin segir að á árum áður hafi uppskera síðasta árs enst fram að nýrri uppskeru, en nú hefjist innflutningur á kartöflum snemma á vorin.

„Það er ekkert óeðlilegt að flytja inn nýjar erlendar kartöflur á sumrin á meðan beðið er eftir þeim íslensku, en nú er uppskera frá síðasta ári flutt inn,“ segir Bergvin. Ný

Íslendingar verðlaunaðir: Tvö hrepptu Gullbjöllur

KVIKMYNDIR Hin sænsk-íslenska Edda Magnason hreppti í gærkvöldi sænsku Gullbjölluna fyrir hlutverk sitt sem Monica Zetterlund í kvikmyndinni Monica Z. Gullbjallan er heitið á verðlaunum sænsku kvikmyndakademíunnar og svipar til íslensku Eddunnar.

Íslendingurinn Sverrir Guðnason leikur á móti Eddu í myndinni. Hann hreppti verðlaun sem besti karlkyns aukaleikarinn.

Myndin er í leikstjórn Pers Fly og segir frá tónlistarferli og ástum Monicu Zetterlund á dramatískan hátt.



EDDA MAGNASON



Bolungarvík	2°	NA	7
Akureyri	3°	A	5
Egilsstaðir	5°	A	9
Kirkjubæjarkl.	6°	A	8
Reykjavík	4°	NA	8

MIKIL VÆTA SA-TIL Í dag verða víðast norðaustan eða austan 8-15 m/s. Rigning, einkum SA-til en úrkomulítið NV-lands. Hiti 1-7 stig. **4**

1 SÉRBLAÐ

Fólk



EKKERT MÚÐUR Björgvin Páll Guðavsson landsliðsmarkvörður var ekki ánægður með framgöngu Stojanche Stoilov (annar frá hægri), línumanns Makedóníu, í gær. Strákarnir okkar unnu í gær sigur á Makedóníumönnum, 29-27, eftir mikinn baráttuleik í Herning í Danmörku. Ásgeir Örn Hallgrímsson var valinn maður leiksins en hann skoraði sex mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Möguleikar Íslands á EM: Spánverjar verða að tapa

HANDBOLTI Strákarnir okkar halda enn í veika von um að komast áfram í undanúrslit EM í handbolta eftir sigur á Makedóníu í gær, 27-22. Vonin er fölgín í því að vinna ógnarsterkt lið Danmerkur á morgun en stóla einnig á að heimsmeistarar Spánverja tapi fyrir Makedóníu. Heimsmeisturum Spánar dugir jafnt eflí í leiknum til að fara í undanúrslitin með Dönum.

Danir tryggðu sér efsta sæti milliriðilsins með sigri á Ungverjalandi í gærkvöldi og um leið sæti í undanúrslitunum.

Ísland á góða möguleika á að spila um fimmta sætið á EM en til þess þurfa strákarnir að hafna í þriðja sæti riðilsins. Ungverjar geta enn hrifsað það sæti af okkar mönnum en þurfa þá að vinna Austurríki, treysta á að Ísland tapi og enda með betra markahlutfall.

- esá / sjá síðu 30

Peningarnir streyma til annarra landa sem urðu illa úti í fjármálakreppunni: Óvissa hefur líklega mest áhrif

EFNAHAGSMÁL Á meðan peningarnir streyma til annarra landa sem urðu illa úti í alþjóðlegu fjármálakreppunni er Ísland úti í kuldanum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Um þetta er fjallað í International Financing Review, þar sem staða Íslands er borin saman við Írland, Portúgal og Grikkland. Þróunin hér á landi er rakín til stjórnarskipta og ósveigjanleika stjórnvalda í viðræðum við kröfuhafa föllnu bankanna.

Katrín Ólafsdóttir, lektor í hagfræði við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, segir erfitt að fullyrða hvaða þættir hafi áhrif á kjörin sem ríkinu bjóðast í skuldabréfaútgáfu erlendis.

Líklega hefur öll óvissan mest

áhrif í þeim efnun, segir Katrín. „Vissulega er óvissa tengd þessari aðgerð að skattleggja þrotabú bankanna, sumir telja þá leið færa og aðrir ekki,“ bendir hún á. Eins kunnir að spila inn í áhyggjur af því að fyrirhuguð skuldaniðurfelling lengi í gjaldeyrishöftunum. „Þannig að mögulega er verið að horfa til þess líka.“

Í umfjöllun International Financing Review er bent á að frá því að ný ríkisstjórn tók við völdum hafi vextir á fimm ára skuldabréf ríkisins farið úr 4,1% í 6,4% fyrr í þessum mánuði.

„Á sama tíma hafa sambærileg kjör á írski ríkispappírna náð nýju lágmarki á evrusvæðinu frá því að Írland sneri aftur á fjármálamarkaði með 1,8% vöxtum. Og



Vissulega er óvissa tengd þessari aðgerð að skattleggja þrotabú bankanna, sumir telja þá leið færa og aðrir ekki.

Katrín Ólafsdóttir lektor við viðskiptadeild HR

fimm ára vextir Portúgals, sem einnig hefur sótt sér fé á markaði á ný, hafa farið niður í 3,8%.“

- óká / sjá síðu 8

nicorette

VERÐBÓLGAN ER DÝRKEYPT

STÖNDUM SAMAN. HÖLDUM AFTUR AF VERÐHÆKKUNUM, AUKUM KAUPMÁTT OG TRYGGJUM STÖÐUGLEIKA.

SPURNING DAGSINS



Arnar, er gagnavertíð í vændum?

„Vonandi, geymsla gagna í gagnaveri myndi tvímælalaust gagnast okkur.“

Arnar Pór Sævarsson, bæjarstjóri á Blönduósi, er vongóður um að gagnaver rísi á Blönduósi á næstu árum.

Hæstaréttarlögmaður telur einsýnt að ábyrgðaraðilar birtingar á rannsóknargögnum hafi brotið lög: Gætu þurft að sæta refsíbyrgð vegna leka

LÖGREGLUMÁL „Þetta er sannarlega trúnaðarbrot. Það er gert ráð fyrir því í almennum hegningarlögum að gögn í þessum málum séu ekki gerð opinber,“ segir Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður um birtingu á rannsóknargögnum í kynferðisbrotamáli á netinu.

„Ákærvaldið ætti að fylgja þessu máli eftir,“ bætir Sveinn Andri við. Hann telur allt benda til þess að sá sem beri ábyrgð á lekanum hafi gerst brotlegur



SVEINN ANDRI SVEINSSON

við ákvæði almennra hegningarlaga og þurfi að sæta refsíbyrgð.

Gögnin voru birt á netinu síðasta sunnudag og hafði móðir meints brotaþola aðkomu að birtingunni. „Við gáfum okkar leyfi fyrir birtingunni,“ segir

móðirin, sem vildi ekki láta nafns síns getið.

„Við höfum alls staðar komið að lokuðum dyrum og erum við það að gefast upp,“ bætir hún við. Hún segir birtingu gagnanna vera örþrifarád.

Gögnin sem um ræðir eru afar ítarleg og telja tugi blaðsíðna. Í þeim koma meðal annars fram nöfn meints brotaþola og grunaða. Þá má finna ljósmyndir, vitnaskýrslur og ýmis önnur rannsóknargögn.

Málið var til rannsóknar hjá lögreglu og þann 2. október 2012 ákvað ríkissaksóknari að fella málið niður.

Í rökstuðningi ríkissaksóknara fyrir niðurfellingunni kemur fram að framburður móður meints brotaþola um að hann hafi orðið fyrir einhvers konar kynferðisofbeldi sé ekki dreginn í efa.

Ríkissaksóknari mat það þó svo að ákæra í málinu væri ekki líkleg til sakfellingar. -js



FLÓTTAFÓLK Suður-Súðanar flýja yfir landamærin Suður-Súðan og yfir til Úganda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Um hálf milljón manns er talin vera á flóttu í Suður-Súðan:

Viðræður um vopnahlé frestast

SUÐUR-SÚÐAN Viðræður um vopnahlé milli Salva Kiir, forseta Suður-Súðan og Riex Machar, fyrrum varaforseta landsins, frestuðust í gær vegna tilrauna beggja aðila til þess að ná yfirhöndinni í bardaganum áður en samningaviðræður hefjast. Lausn pólitískra fanga er eitt lykilatriði sem liggja fyrir í samningaviðræðunum.

Um 500.000 manns eru á flóttu eftir mánaðarlangan bardaga milli stjórnvalda og uppreisnarmanna. Á sunnudag drukknuðu tvö hundruð manns í Nílarfljóti þegar þeir flúðu bardaga í borginni Malakal. -eb

Gegn verðbólguhækkun:

Ríkisfélög eiga ekki að hækka

STJÓRNSÝSLA Fjármála- og efnahagsráðherra hefur beint þeim eindregnu tilmælum til allra fyrir-tækja í ríkiseigu að halda aftur af gjaldskrárhækkunum hjá sér.

Bjarni Benediktsson hefur af þessu tilefni sent bréf til stjórna þessara fyrirtækja.

„Mikilvægt er að fyrirtæki í ríkiseigu taki virkan þátt í þeirri viðleitni að draga úr hækkun verðlags og efni ekki til hækkana umfram það sem algjörlega nauðsynlegt getur talist,“ segir meðal annars í bréfinu.

Tilmælin eru liður í viðleitni ríkisstjórnarinnar til að halda aftur af verðbólgu. -js

Ráðuneytið svarar beiðni:

Saksóknari fær umbeðin svör

STJÓRNSÝSLA Innanríkisráðuneytið hefur sent ríkissaksóknara bréf vegna beiðni þess síðarnefnda um upplýsingar í tengslum við kærnu Tony Omos á hendur starfsmönnum innanríkisráðuneytisins.

Í bréfinu kemur fram að „sérstök skoðun ráðuneytisins og rekstrarskrifstofu stjórnarráðsins gefi ekki tilefni til að ætla að trúnaðargögn hafi verið send óviðkomandi aðilum frá ráðuneytinu“. Samkvæmt tilkynningu á vef ráðuneytisins er þó ekki heimilt að birta bréfið vegna þess að það inniheldur persónugreinanlegar upplýsingar. -js

Nýr heimur opnast

Foreldravekfernið Söguskjóður í Dalvíkurbyggð miðar að því að efla erlenda foreldra til þátttöku í skólalífinu, en hefur haft víðtæk áhrif. Fiskvinnslukona ákvað eftir þátttöku í verkefninu að finna sér nýtt starf og læra loksins að tala íslensku.

MENNTAMÁL Jolanta Brandt hafði unnið við fiskvinnslu á Dalvík í nærri fjögur ár þegar henni bauðst að taka þátt í verkefni sem miðar að því að efla erlenda foreldra til þátttöku í leikskólum og skólum bæjarins. Eftir þátttöku í verkefninu áttaði hún sig á því að hún yrði að hætta í fiskvinnslu og fara út á meðal fólks til þess að læra loksins að tala íslensku.

„Söguskjóðuverkefnið hjálpaði mér að opnast meira og sjá að ég þarf að umgangast íslenskt fólk. Nú þekki ég líka fleiri og þegar ég fer í búðina hitti ég alltaf einhvern til að tala við, en það gerði ég ekki áður,“ segir Jolanta Brandt, sem er ættuð frá Póllandi og styður nú við pólsk börn í grunnskóla Dalvíkur.

Jolanta tók tvisvar þátt í Söguskjóðuverkefni Dalvíkurbyggðar, þar sem foreldrar hittast og útbúa skjóður með sögum og leikjum sem þeir nota svo með börnunum sínum. „Efnin er allt á íslensku, en við settum líka hljóðbækur fyrir foreldra sem ekki treysta sér til að lesa íslensku,“ útskýrir Jolanta.

Eftir að hafa tekið öll íslenskunámskeið sem buðust var Jolanta orðin þreytt á því að geta ekki notað það sem hún lærði. „Ég var að vinna í frystihúsinu, sem var ekki vont en það var ekki gaman. Ég reyndi að læra íslensku en notaði hana aldrei,“ segir Jolanta.

Eftir að hafa tekið þátt í Söguskjóðuverkefninu ákvað Jolanta að hætta í frystihúsinu og leita sér að nýju starfi. Líf hennar hefur tekið miklum breytingum síðan. „Já, þetta er miklu skemmtilegra. Fyrir ári var ég meira hluti af pólska samfélaginu. Ég var alltaf læst heima. En núna er ég ekki feimin við að spyrja íslenska foreldra hvort börnin mín megi leika við börnin þeirra og ég er ekki



SÖGUSKJÓÐUR Jolanta Brandt (til hægri) ræðir sögur og leiki við foreldri í verkefninu söguskjóður á Dalvík.

feimin við að tala við börn sem koma í heimsókn,“ segir Jolanta og staðfestir að breytingin hefur haft áhrif á alla fjölskylduna.

Jolanta segir Söguskjóðuverkefnið opna nýjan heim. „Þegar ég var bara í kringum pólska sam-

félagið heyrði ég oft að það væru miklir fordómar gagnvart útlendingum. Nú veit ég að það er ekki rétt. Íslenskt fólk gerir margt til að fá útlendinga til að taka þátt og vera í góðum samskiptum,“ bendir hún á. eva@frettabladid.is

Tilnefnt til nýsköpunarverðlauna

Söguskjóðuverkefnið á Dalvík er eitt fimm verkefna sem tilnefnd eru til Nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu 2014 í flokki velferðar- og samfélagsmála. „Það hefur orðið gríðarleg vakning í fjölmenningsmálum hér á Dalvík,“ segir Hildur Ösp Gylfadóttir, sviðsstjóri á fræðslu- og menningarsviði Dalvíkurbyggðar. Hún segir íbúasamsetninguna hafa breyst hratt og vísbendingar verið um að erlendir foreldrar tækju ekki sama þátt í skóla- og íþróttastarfi barna sinna og aðrir. „Reynslan sýnir okkur að það er ekki með vilja gert. Það sem vantaði voru upplýsingar um það sem var í boði,“ segir Hildur Ösp. Helga Björt Möller, kennsluráðgjafi hjá bænum, ferðaðist til Hollands og kynnti sér aðferðafræðina að baki Söguskjóðuverkefninu. Verkefnið var í kjölfarið þróað í skólum Dalvíkur síðasta ári með góðum árangri.

Skipulagsráð samþykkir staðsetningu á útilistaverki sem CCP færir borginni:

Heimar í heimi á Rastargötu

MENNING Útilistaverkið Heimar í heimi eftir Sigurð Guðmundsson verður sett upp á hafnarkantinum við Rastargötu í Vesturbugt og fær þar stöðuleyfi í tvö ár.

Listaverkið er gjöf CCP til Reykjavíkurborgar í tilefni tíu ára afmælis tölvufyrirtækisins. Verkið er unnið í Kína í granít, stál, steypu og ál og verður fimm metra hátt.

Eins og áður hefur komið fram verða nöfn um fimm hundruð þúsund áskrifenda að Eve-Online tölvuleik CCP lettuð á verkið sem standa mun við höfuðstöðvar CCP á Grandagarði.

„Um er að ræða bráðabirgðaráðstöfun svo verkið eigi sér samastað á meðan framleiðsla þess og flutningur eru í gangi vegna vígslu þess 1. maí,“ segir í umsögn skipulagsfulltrúa sem samþykkt var í skipulagsráði borgarinnar. -gar



HEIMAR Í HEIMI Í VESTURBUGT Listaverk Sigurðar Guðmundssonar fær samastað rétt við höfuðstöðvar CCP. SAMSETT MYND

Bókamarkaður 2014



Árlegur bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefenda verður **21. febrúar** til **9. mars** næstkomandi.

Útgefendur sem vilja bjóða bækur sínar á markaðinum er bent á að hafa samband við Félag íslenskra bókaútgefenda sem fyrst, eða eigi síðar en **6. febrúar** n.k., í síma 511 8020 eða á netfangið fibut@fibut.is



FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

Nýttu þér skemmtileg vildartilboð í Appinu



Skannaðu kóðann
til að sækja eða
uppfæra Appið.



Vildarþjónusta

Spennandi tilboð og afsláttarkjör

Viðskiptavinir í Vildarþjónustu Íslandsbanka geta nálgast yfirlit yfir tilboð og afsláttarkjör frá fjölmörgum fyrirtækjum um land allt í Íslandsbanka Appinu. Þú getur skoðað vildartilboð eftir staðsetningu og flokkum og merkt við þau sem þér finnast spennandi.

Í Vildarþjónustunni nýtur þú betri kjara og safnar frjálsum Íslandsbankapunktum með fjölbreyttum viðskiptum.

Njóttu þess að vera í Vildarþjónustu Íslandsbanka og fylgstu með frábærum tilboðum í Appinu og á islandsbanki.is!



Vildartilboð í Appinu

- Gilda fyrir alla viðskiptavini í Vildarþjónustu
- Námsmenn fá að auki tilboð sem eru sérstök til að þeirra þörfum
- Korthafar nýja Íslandsbanka American Express® kortsins fá að auki sérstök tilboð

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

SVONA ERUM VIÐ



514% aukning varð á verðmæti útfluttrar síldar frá Íslandi milli ára 2002 og 2012.

Fyrirnefnda árið var verðmætið tæpir 4,2 milljarðar króna en 2012 var seld síld fyrir 25,6 milljarða króna.

Ákveða þarf hver framtíðarþróun almenningsamgangna á að vera eigi markmið um farþega að nást: Farþegum fjölgað um þriðjung frá 2009

SAMGÖNGUR Farþegum Strætó bs. hefur fjölgað um þriðjung á fjórum árum. Kolbeinn Óttarsson Proppé, upplýsinga- fulltrúi Strætó, segir komið að því að taka ákvarðanir um framtíðarþróun og skipulagningu almenningsamgangna eigi markmið sveitarfélaganna um fjölgun farþega að nást.

Árleg októbertalning farþega hjá Strætó sýnir að árið 2013 fjölgaði farþegum um nær tvö prósent milli ára. Er þetta fjórða

árið í röð sem fjölgun verður á farþegum. Fjölgunin frá árinu 2009 nemur 33,4 prósentum. „Mest er fjölgunin á annatíma, frá sjö til níu á morgnana og milli tvö og fimm á daginn,“ segir Kolbeinn, en farþegafjöldinn á þessum afmarkaða tíma sé farinn að valda verulegum vandræðum.

„Sú staðreynd gæti verið hluti skýringarinnar á því að fjölgunin árið 2013 var mun minni en árin þar á undan,“ segir Kolbeinn.

Í samningi Samtaka sveitar-

félaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins er stefnt að því að auka hlut almenningsamgangna úr fjórum prósentum í átta prósent árið 2023. Huga þarf að bæði fjármagni og skipulagi til að ná þeim markmiðum, segir Kolbeinn.

Fram undan séu stórar ákvarðanir varðandi hvernig þessum markmiðum verði náð, svo sem um hvort endurskoða eigi tíðni ferða eða stækka vagna hraðar en hingað til hafi verið gert. -oka



Á STOPPISTÖÐINI Kanna ætti hvort gefa eigi strætisvögnum forgang á umferðarljósum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



KANNABISEFNI Vísindamenn rannsaka áhrif kannabíspöntunnar. NORDICPHOTOS/AF

Kannabínóðar gætu gagnast:

Varnar skorpu- lifur í músum

HEILSA Kannabínóðinn CBD dregur úr neikvæðum áhrifum áfengisneyslu á lifur í músum.

Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem framkvæmd var við bandaríska og kínverska háskóla.

Við áfengisdrykkju safnast fita á lifrina og langvarandi áfengisneysla getur orsakað skemmdir á lifrinni og leitt til skorpulifrar.

CBD, sem er eitt virku efnanna í kannabíspöntunni, getur dregið úr þessari fitusöfnun og þannig hjálpað til við að koma í veg fyrir neikvæð áhrif áfengisneyslu á lifrina í músum.

Vísindamennirnir rekja þessi áhrif meðal annars til andoxunar-áhrifa CBD. -js

Fjölgar háhraðatengingum: Tvöfaldar hraða á ljósveitukerfi

FIARSKIPTI Míla ætlar að tvöfalda hraðann á ljósveitukerfi sínu á völdum stöðum á þessu ári. Fjar- skiptafyrirtækið getur þá boðið heimilum í landinu upp á nettengingar sem ná allt að eitt hundrað megabætum á sekúndu, að því er fram kemur í tilkynningu Mílu.

Þar segir að fyrirtækið ætli einnig að fjölga þeim heimilum sem hafa aðgang að ljósveitukerfinu um fimmtán prósent. Þá muni um áttatíu prósent heimila á öllu landinu hafa möguleika á að nálgast háhraðanettengingar hjá sínu fjar skiptafyrirtæki. -hg

Nikótínlausí síminn í stað þess reyklausa

Í stað þess að hjálpa fólki að hætta að reykja aðstoðar Ráðgjöf í reykbíndindi stöðugt fleiri sem vilja hætta að taka í vörina eða hætta neyslu nikótínlyfja. Mun erfiðara er að venja fólk af því að taka í vörina en hætta reykingum.

HEILBRIGÐISMÁL „Þegar Ráðgjöf í reykbíndindi hóf göngu sína vorum við einungis að aðstoða fólk við að hætta reykingum. Á næsta stigi fórum við að hjálpa þeim sem þurftu að losna af nikótínlyfjum og núna erum við í auknum mæli að hjálpa fólki að hætta að nota munntóbak,“ segir Jóhanna S. Kristjánsdóttir, hjúkr- unarfræðingur og verkefnis- stjóri Ráðgjafar í reykbíndindi.




JÓHANNA S. KRISTJÁNSDÓTTIR Nikótínneyt- endur hafa getað sér að kostnaðarlausu hringt í rey- klausa símann frá aldamótum og fengið ráðgjöf um hvernig eigi að svæfa nikótínþörf.

Jóhanna segir að meðferðin sé sniðin að þörfum hvers og eins sem fái hjálp við að hætta á eigin forsendum. Langflestir sem leita sér hjálpar í fyrsta skipti gera það í janúar. Þó að tölur fyrir janúar á þessu ári séu ekki tilbúnar virðist ásóknin ekki hafa minnkað frá í fyrra.

Jóhanna segir tvennt hafa mikil áhrif þegar fólk ákveður að hætta, annars vegar verð- hækkunar á tóbaksvörum og hins vegar lagasetningar. Til að mynda hafi fjölgað mjög í hópi þeirra sem leituðu sér aðstoðar eftir að bannað var að reykja inni á veitinga- og skemmtistöðum

NIKÓTÍNFIKLAR SEM HRINGJA Í JANÚAR



um mitt ár 2007. Á sama tíma hafi hins vegar fjölgað þeim sem fóru að nota reyklausa tóbaks- vörur, svo sem nikótínlyf og að taka í vörina.

Hún segir að stór toppur hafi myndast þegar sigarettupakk- inn fór yfir þúsund krónur, þá hafi margir ákveðið að hætta. Það sama hafi gerst um áramótin 2012/13 þegar neftóbak sem fólk tekur í vörina hækkaði um 50 prósent, margir hafi þá ákveðið að hætta.

„Þeir sem eru að hætta að taka í vörina þurfa oft lengri með- ferð en þeir sem eru að hætta að reykja. Hver skammtur af munntóbaki sem tekinn er í vör- ina inniheldur álíka mikið magn

af nikótíni og fjórar sigarettur,“ segir Jóhanna og útskýrir að það geti því verið mun erfiðara að hætta munntóbaksnotkuninni.

Þá segir hún að þeir sem eru að venja sig af notkun nikótínlyfja svo sem tyggjós þurfi að trappa sig niður, það er að minnka skammtinn smátt og smátt.

„Nikótínlyf eru einungis ætluð til notkunar í stuttan tíma. Nikó- tíntyggjóf fer illa með slímhúðina í munnum og langtímanotkun þess getur valdið tannlosi,“ segir hún.

„Reyklausí síminn er eiginlega orðið rangnefni, það væri miklu nær að tala um nikótínlausí símann,“ segir Jóhanna.

johanna@frettabladid.is



HNEIGDU SIG DJÚPT Yfirmenn þriggja kreditortafyrirtækja báðust opinberlega afsökunar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hneyksli í S-Kóreu:

Stal gögnum um kreditkort

SUÐUR-KÓREA Tölvufræðingur, sem starfaði sem verktaki hjá suður-kóresku kortafyrirtæki, hefur frá árinu 2012 stolið kreditortaupplýsingum frá um helmingi íbúa Suður-Kóreu. Hann er sagður hafa selt lána- fyrirtækjum upplýsingarnar.

Þetta komst upp í síðustu viku en í gær báðust yfirmenn þriggja stærstu kreditortafyrirtækja Suður-Kóreu opinberlega afsök- unar á blaðamannafundi.

Verktakinn, sem vann við að þróa hugbúnað sem átti að koma í veg fyrir kreditortasvindil, er talinn hafa stolið upplýsingum um 80 milljónir kreditkorta. -gb


Íranar draga úr auðgun úrans: Refsiaðgerðum létt að hluta

ÍRAN, AP Evrópusambandið sam- þykkti í gær að létta að hluta refsiaðgerðum af Íran, eftir að staðfesting hafði fengist á því að Íranar væru byrjaðir að draga verulega úr auðgun úrans.

Þetta hvort tveggja er gert í samræmi við samning, sem írönsk stjórnvöld gerðu í nóvem- ber. Mega Íranar nú búast við að efnahagur þeirra vænkist nokkuð strax á allra næstu mánuðum. -gb

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



VÍÐA EINHVER VÆTA Heldur milt á landinu í dag og á morgun með vætu víða, einkum suðaustantil. Suðvestanátt á fimmtudag og kólnar heldur í veðri.

Alicante 17°	Billund 2°	Gautaborg 1°	London 8°	Orlando 22°	San Francisco 16°
Basel 10°	Frankfurt 7°	Kaupmannahöfn 1°	Mallorca 17°	Ósló -5°	Stokkhólmur -3°
Berlín 0°	Friedrichshafen 4°	Las Palmas 20°	New York -3°	París 7°	

Elísabet Margeisdóttir veðurfréttamaður



Löður

Löður er með **rain-x** á allan bílinn

- Rain-X býður upp á fullkomna yfirborðsvörn
- Rain-X verndar bílinn, eykur útsýni og öryggi
- Hreinn bíll eyðir allt að 7% minna eldsneyti

Við erum á sex stöðum á höfuðborgarsvæðinu
www.lodur.is - Sími 544 4540

ÚTSALA

20-70% afsláttur - 20-70% afsláttur - 20-70% afsláttur - 20-70%



LYSTADÚN

Mörkinni 4 - 108 Reykjavík - Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri - Sími: 462 3504



Rúm - Baðmottur - Gjafavara - Stakar dýnur - Náttborð - Svefnsófar - Sófar - Stólar
Hrúgöld - Sængur - Heilsukoddar - Sængurverasett - Rúmteppi - Skrautpúðar
Handklæði - Baðsloppar

20-70% afsláttur

ÚTSALA



20-70% afsláttur - 20-70% afsláttur



Gluggatjöld - Gjafavara - Gardínuefni
Fata og tískuefni í miklu úrvali

Mörkinni 4 - 108 Reykjavík - Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri - Sími: 462 3504

Opnunartímar:
Virka daga 10-18 | Laug 10-16



VEISTU SVARID?



1. Hvaða starfsemi er talin ógna öryggi ráðhússins á Dalvík?
2. Í hvaða á hófst hlaup í fyrradag?
3. Hversu hátt hlutfall nýnema í Lögregluskóla ríkisins er konur?

SVÖR:

1. Gullsmíðaverksæði, 2. Skaffa, 3. Tæplega 67 prósent.

Pingsályktunartillaga um fríværslunarsamning til annarrar umræðu á þingi:

Ræða Kínasamning í vikunni

VIÐSKIPTI Þingsályktunartillaga um fríværslunarsamninginn milli Íslands og Kína verður að öllum líkindum tekin til annarrar umræðu á Alþingi seinni hluta þessarar viku, að sögn Birgis Ármannssonar, formanns utanríkismálanefndar.

Nefndin afgreiddi málið fyrir júl, með fyrirvörum frá nefndarmönnum Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna, en Birgitta Jónsdóttir, sem er áheyrnarfulltrúi frá Pírötum, bókaði mótmæli vegna stöðu mannréttindamála í Kína. Það var

ýmsum umsagnaraðilum hugleikið, auk bágra aðstæðna kínversks verkafólks, sem fulltrúar ASÍ og BSRB töldu ástæðu til höfnunar.

Birgir segir meirihluta nefndarinnar hafa lagt til að hann yrði samþykktur, „þó með þeirri áherslu að tækifæri til að ræða mannréttindamál í Kína verði notuð“.

Eftir aðra umræðu ætti málinu að verða lokið, en eftir það hefst fullgildingarferli hjá utanríkisráðuneytinu sem Birgir á ekki von á að taki langan tíma.



UNDIRRITUN Samningurinn var undirritaður í fyrra en bíður staðfestingar á Alþingi.

Anheuser-Busch til Asíu: Fjárfestir í bjór frá Suður-Kóreu

VIÐSKIPTI Drykkjarvöruframleiðandinn Anheuser-Busch InBev NV (ABI) hefur keypt stærsta bruggfyrirtæki Suður-Kóreu, Oriental Brewery, fyrir 5,8 milljarða dollara, um 675 milljónir íslenskra króna. Frá þessu er greint á vef Bloomberg.

ABI, sem er stærsti bjórframleiðandi heims, seldi sama fyrirtækið árið 2009 fyrir 1,8 milljarða dollara. Sala á bjór í Suður-Kóreu hefur aukist talsvert síðan þá.



HÓPFERÐABÍLL Sumar götur eru taldar ófærar rútum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýjar reglur í miðborginni: Bann á rútur yfir 8 metrum

UMFERÐARMÁL Skipulagsráð Reykjavíkur hefur samþykkt að hámarks lengd hópbifreiða verði takmörkuð við átta metra á tilteknum svæðum í miðborginni.

„Þröngar götur miðborgar eru margar ófærar stórum hópbifreiðum,“ segir í tillögu samgöngustjóra borgarinnar sem skipulagsráðið samþykkti.

„Það er umhugsunarefni hve rík áhersla er lögð á að sækja farþega heim að dyrum á gististöðum hér í borginni. Með auknum fjölda ferðamanna er mikilvægt að nýta almenningssamgöngur meir til að fletja ferðafólk um borgina,“ segir samgöngustjóri.

-gar

Einkaskólar rannsakaðir: Kennarar sekir um barnaníð

BRETLAND Kennarar við 130 virta einkaskóla í Bretlandi hafa gerst sekir um barnaníð, að því er breska dagblaðið The Times skýrir frá.

Alls hafa kennarar við 62 einkaskóla hlotið dóm fyrir kynferðisbrot gegn samtals 277 nemendum. Þá hafa kennarar við tuttugu aðra skóla hlotið dóm fyrir að hafa verið með barnaklám í fórum sínum.

Þetta eru virtir skólar á borð við Eton og Marlborough. Margir af helstu ráðamönnum Bretlands hafa stundað nám við þessa skóla.

-gb

LANDBÚNAÐUR Staða kartöflubænda hér á landi er erfið og hefur verið um nokkra hrifð, aðallega vegna lágs verðs og uppskerubrests vegna veðurs. Bergvin Jóhannsson, bóndi á Áshóli og formaður Félags kartöflubænda, segir bændum hafa fækkað verulega síðustu ár og það sé óréttlátt að á meðan ríkið niðurgreiði mjólkurframleiðslu sé ekkert gert fyrir kartöflubændum.

Haraldur Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, vakti máls á stöðu greinarinnar í umræðum um landbúnaðarafurðir á þingi í síðustu viku. Þar sagði Haraldur að búgreinin sem slík væri að komast á „váiasta“ vegna uppskerubrests og langvarandi lágra verða.

Bergvin segir að sú mynd sem þarna var dregin upp sé nærri lagi. Samkvæmt nýjustu tölum eru 32 kartöflubændur á landinu, en fyrir rúmum áratug voru þeir um 200 talsins. Það verður þó vart mikil fækkun í þessum hópi á næstunni, að sögn Bergvins, þar sem flestir þeirra sem enn eru í framleiðslu myndu missa allt sitt ævistarv við að hætta rekstri.

Bergvin segir að verðið til bændu hafi verið svo lágt um árabíl að framleiðslan hafi ekki skilað nægum tekjum. „Og svo koma þessi ár með þessum áföllum,“ bætir hann við og á þar við uppskerubresti vegna veðurs síðustu ár.

Verð til bændu er ákvarðað með samningum milli bændu og kaupenda, en Bergvin segir að síðustu ár hafi kaupendur ráðið ferðinni nærri einhliða, þó bændur hafi

Okkur finnst það óréttlátt að bú sem framleiðir mjólk í svipuðum tonnafjölda og við gerum af kartöflum skuli fá ríkisstyrk sem nemur hærri upphæð en það sem við fáum fyrir okkar vöru.

Bergvin Jóhannsson
formaður Félags kartöflubændu

mætt aðeins meiri skilningi síðustu eitt eða tvö ár. Hann segir að kílóverð til bændu hafi jafnan verið um 30 til 40 krónum undir því sem þurfi til að koma rekstri kartöflubúa í eðlilegt horf. Það var lengi um 40 til 50 krónur og fór upp í 70, en á sama tíma tvöfaldaðist verð á áburði. Núna er verðið þó að þokast upp undir 100 krónur á kíló, en Bergvin segir það engu að síður svo lágt að það hamli framþróun.

„Menn hafa ekki getað byggt nýjar geymslur, endurnýjað tól eða tæki eða fylgt tímanum í þessu. Þannig að það er ekki ofsagt að stéttin sé að komast á válista.“

Varðandi hvað ríkið geti gert til að koma til móts við kartöflubændur segist Bergvin hafa stungið upp á styrkjum til nýbygginga og fjárfestinga. Þær uppástungur hafi þó ekki hlotið mikinn hljómgrunn.

„Ég sótti um styrk til Framleiðisjóds í fyrra vegna kaupa á nýrri tegund af arfaeyðingavél sem gerir öll lyf óþörf, en þeir harðneituðu að styrkja það. Vélin kom þó mjög vel út í sumar og mér



ÚTI Í HAGA Bergvin Jóhannsson á Áshóli í Grýtubakkahreppi segir uppskerubrest vegna veðurs síðustu ár og lágt verð til bændu hafa gengið nærri stétt kartöflubændu.

MYND/HEIDA.IS

Válynd veður valda uppskerubresti

Slæm veðráttta hefur valdið miklum búsíffjum hjá kartöflubændum, sérstaklega á síðasta ári þar sem uppskeran var innan við 7.000 tonn af kartöflum, miðað við tæp 10.000 tonn árið 2012 og um 12.500 tonn árið 2010.

„Þetta hefur verið sorgarsaga síðustu árin, bæði í Þykkvabænum og hér norðanlands, en Hornfirðingarnir hafa sloppið,“ segir Bergvin. „Hér norðanlands hafa það verið köld vor og léleg sumur, en fyrir sunnan hafa það verið frostnætur og svo vatnsviðrið síðasta sumar, þar sem sást varla til sólar og ekkert spratt.“

finnst ég sjá framtíð í því þó að þeir geri það ekki hjá Framleiðisjóði.“

Bergvin segist hafa bent landbúnaðarráðherra á að það kosti um það bil það sama að framleiða eitt kíló af kartöflum og einn lítra af mjólk, en misjöfnu sé þó saman að líkja í þeim efnum.

„Þeir styrkja mjólkurbændur

með beingreiðslum um næstum helming af þeirri upphæð sem þeir fá frá samlögunum. Okkur finnst það óréttlátt að bú sem framleiðir mjólk í svipuðum tonnafjölda og við gerum af kartöflum skuli fá ríkisstyrk sem nemur hærri upphæð en það sem við fáum fyrir okkar vöru.“

thorgils@frettabladid.is

thecking.is

ÞEKHING ER TÖLVUDEILD YFIR 300 FYRIRTÆKJA

Við önnumst daglegan rekstur á tölvukerfum, hýsum gögn og hugbúnað. Við veitum persónulega þjónustu og erum sérfræðingar í tækniþörfum viðskiptavina okkar.

Kynntu þér málið:
460 3100 / sala@thecking.is


PEKHING
 Tölvuideildin þín

URÐARHVARF 6, 203 KÓPAVOGUR | 460 3100
HAFNARSTRÆTI 93-95, 600 AKUREYRI | THECKING.IS



Porvaldur Finnbogason
Viðskiptastjóri @thecking












= **3x**
punktur

Prefaldir punktar á hverjum dísel- og bensínlítra

Nú er hann þrefaldur

í þrjá daga: þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag

Margfaldaðu virði punktanna þinna með mögnuðu janúartilboði N1 kortsins eða lyftu þér upp með kræsilegum punktatilboðum á völdum þjónustustöðvum N1.

Boozt (lítið glas)
689 punktar

Safi (lítið glas)
689 punktar

Kleinhringur
149 punktar



Freyju lakkrísdraumur
169 punktar

Sámur tjöruhreinsir 1 l
499 punktar

Pepsi 0,5 l
99 punktar



Prisvarsinnnumtaflan:

3x0 = 0	3x6 = 18
3x1 = 3	3x7 = 21
3x2 = 6	3x8 = 24
3x3 = 9	3x9 = 27
3x4 = 12	3x10 = 30
3x5 = 15	... o.s.frv.



Punktarnir koma sér vel við kaup á vörum og þjónustu N1, t.d. þegar þú þarft að skipta um dekk, þrifa bílinn, leigja kerru eða láta smyrja.

Vantar þig eldsneyti, rúðupiss eða holla og staðgóða hressingu? Allt þetta er hægt að fá fyrir punktana.

N1 kortið þitt er þrefalt öflugra dagana 21.-23. janúar. Fylltu á tankinn og sjáðu punktastöð þitt vaxa hratt og örugglega. N1 korthafar halda afsláttarkjörum sínum en að auki þrefaldast punktarnir.

Komum af stað!



LOKSINS BILALÁN

SEM GÆTI BORGÐ SIG AÐ TAKA

Með nýju núllvaxtaláni BL getur þú fengið allt að 40% af verði bílsins að láni vaxtalaust til allt að 36 mánaða. Engir vextir, engin verðtrygging, enginn þinglýsingarkostnaður og ekkert smátt letur. Sem sagt, engin óvissa og það sem meira er – þú ekur um á nýjum bíl í fullri ábyrgð. Farðu á bl.is og kynntu þér frábæran möguleika til að kaupa nýjan bíl.

NULLVEXTIR BL – loksins bilalán sem gæti borgað sig að taka.



Renault Clio Authentic – Verð: 2.440.000 kr.

Bensín, beinskíptur / 4,7 l/100 km*

Innborgun 60% / Gamli billinn þinn og eða reiðufé: 1.464.000 kr.

NULLVEXTIR BL: 976.000 kr. til 36 mánaða.

Vaxtalaus afborgun: 27.111 kr. á mán.



Dacia Duster 4WD PLUS – Verð 3.990.000 kr.

Disil, beinskíptur með extra lágum gir / 5,3 l/100 km*

Innborgun 60% / Gamli billinn þinn og eða reiðufé: 2.394.000 kr.

NULLVEXTIR BL: 1.596.000 kr. til 36 mánaða.

Vaxtalaus afborgun: 44.333 kr. á mán.



Subaru XV 4WD – Verð 5.390.000 kr.

Sjálfskiptur, bensín / 6,6 l/100 km*

Innborgun 60% / Gamli billinn þinn og eða reiðufé: 3.234.000 kr.

NULLVEXTIR BL: 2.156.000 kr. til 36 mánaða.

Vaxtalaus afborgun: 59.888 kr. á mán.

HAFÐU SAMBAND VIÐ SÖLUMENN Í SÍMA 525 8000 EÐA SENDU OKKUR FYRIRSPURN Á bl@bl.is. NÁNARI UPPLÝSINGAR UM NULLVEXTI BL ER AÐ FINNA Á www.bl.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Blás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

BL Sævarhófa 2 110 Reykjavík 525 8000



Formaður þingnefndar segir tilurð upphæðar skattleysismarka enn óljósa:

Vísar í óformleg samskipti

ALÞINGI Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskipta-nefndar Alþingis, segir ekki með öllu ljóst hver hafi fyrst komið fram með þá hugmynd að frískuldamark bankaskatts yrði fimmtíu milljarðar króna.

Frosti sagði eftir fund nefndarinnar í gær að þessi tala hefði orðið til í óformlegum samskiptum nefndarinnar og fjármálaráðuneytisins.

„Já, það er alveg ljóst að nefndarmeirihluti í nefndinni biður

fjármálaráðuneytið um tölu sem nær því markmiði að undanskilja minni bankastofnanir þessum skatti og gerir það með ákveðnum rökum. Við sjáum ekkert að þessari tölu. Við reiknum bara með að þetta sé ágætis slumptala,“ sagði Frosti.

Áður höfðu fulltrúar ráðuneytisins hafnað því að upphæðin hefði komið frá ráðu-



FROSTI SIGURJÓNSSON

neytinu. maður Samfylkingarinnar.

- hh

„Það er auðvitað mjög mikilvægt að við fáum að vita það þannig að við sjáum skýrt hverjar eru hinar efnislegu forsendur fyrir þessu frískuldamarki, sérstaklega í ljósi þeirra miklu tengsla sem eru á milli MP Banka og forystumanna ríkisstjórnarinnar,“ sagði Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar.

Ísland úti í kuldalum á fjármálamörkuðum

Óvissa vegna hnúts sem er á deilu íslenskra stjórnvalda og kröfuhafa föllnu bankanna um uppgjör kann að rýra kjör þau sem ríkinu bjóðast í erlendri skuldabréfaútgáfu. Meðan vextir á bréf Íra og Portúgala lækka hafa vaxtakjör Íslands versnað.

EFNAHAGSMÁL Ísland er úti í kuldalum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum á meðan peningar streyma aftur til annarra landa sem urðu illa úti í alþjóðlegu fjármálakreppunni.

Á þetta er bent í nýrri umfjöllun International Financing Review (IFS). Staða Íslands er borin saman við Írland, Portúgal og Grikkland. Hér er þróunin rakin til stjórnarskiptanna og ósveigjanleika stjórnvalda í viðræðum við kröfuhafa föllnu bankanna.

„Fyrir um ári virtist sem þíða væri komin í deilu Íslands og kröfuhafa og samkomulag talið á næsta leiti,“ segir í umfjöllun IFS. „En kjör Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins, sem forsætisráðherra með *popúlísku* loforði um að lækka húsnæðisskuldur fólks, að hluta með því að leggja afturvirkian skatt á eignir föllnu bankanna, hefur blásið hita í deiluna á ný.“

Bent er á að frá því að ný ríkisstjórn tók hér við völdum hafi vextir á fimm ára skuldabréf ríkisins farið úr 4,1% í 6,4% fyrr í þessum mánuði. „Á sama tíma hafa sambærileg kjör á írsku ríkisskattgjafum náð nýju lágmarki á evrusvæðinu frá því að Írland sneri aftur á fjármálamarkaði með 1,8% vöxtum. Og fimm ára vextir Portúgals, sem einnig hefur sótt sér fé á markaði á ný, hafa farið niður í 3,8%.“

Í umfjöllun IFR er staðan sögð hafa verið afar vænleg fyrir Ísland fyrir tveimur árum. Þá hafi landið lokið efnahagsáætlun sinni með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á undan áætlun og snúið aftur á alþjóðlegan verðbréfamarkað með vexti á milljarð dollara skuldabréf til fimm ára sem ekki voru nema fimm prósent, auk þess sem Ice-save-deilan hafi verið að baki.

Katrín Ólafsdóttir, lektor í hagfræði við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, segir erfitt að



FRÉTTAVEFUR IFR Fjallað um Ísland á www.ifre.com. Í fréttinni kvarta kröfuhafar undan því að Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra svari ekki tilboði þeirra. Þá segir að stefna Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra hafi blásið í glæður deilu við kröfuhafa.

MYND/SKJASKOT

Stjórnvöld svara ekki kröfuhöfum

Í frétt IFS er einnig frá því greint að fulltrúar kröfuhafa bankanna reyni hvað þeir geti að draga stjórnvöld á Íslandi að samningaborðinu og hafi lagt fram tilboð um gjaldeyrisskipti í tengslum við uppgjör þrotabúanna. Barry Russell, lögmaður og meðeigandi lögmannsstofunnar Binham McCutchen, og Matt Hinds, lögmaður og meðeigandi Talbot Hughes McKillop, sem unnið hafi fyrir kröfuhafa, eru sagðir langþeyttir á erfiðum samskiptum við stjórnvöld. Báðir telja samkomulag hljóta að vera allra hag. Hvorugur hefur þó fengið boð um að ræða tilboð kröfuhafa, hvorki frá Seðlabanka né fjármálaráðherra. „Við höfum sem stendur engin svör fengið,“ hefur IFS eftir Hinds.

fullryða um hvaða þættir hafi áhrif á kjörin sem ríkinu bjóðast í skuldabréfaútgáfu erlendis. Líklega hafi öll óvissa mest áhrif í þeim efnun.

„Vissulega er óvissa tengd þessari aðgerð að skattleggja þrotabú bankanna, sumir telja þá leið færa og aðrir ekki,“ bendir hún á. Eins kunnir að spila inn í áhyggjur af því að fyrirhuguð skuldaniðurfelling lengi í gjaldeyrishöftunum. „Þannig að mögulega er verið að horfa til þess líka.“

olikr@frettabladid.is



sumir telja þá leið færa og aðrir ekki.

Katrín Ólafsdóttir lektor við viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík

Vissulega er óvissa tengd þessari aðgerð að skattleggja þrotabú bankanna, sumir telja þá leið færa og aðrir ekki.

Mannréttindadómstóll Evrópu tekur ekki fyrir mál Baldurs Guðlaugssonar:

Máli Baldurs vísað frá dómi

DÓMSMÁL Mál Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, mun ekki njóta brautargengis fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu. Málinu var vísað frá dómstólum í gær.

Þetta staðfestir lögmaður Baldurs, Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður. Hann segir að málinu sé þar með lokið.

Forsaga málsins er sú að Baldur var ákærður fyrir innherjasvik og brot í opinberu starfi fyrir að hafa nýtt sér innherjaupplýsingar við sölu á hlutabréfum í Landsbankanum 17. og 18. september 2008.

Baldur sat þá í samráðshópi íslenskra stjórnvalda um fjármálastöðugleika og var einnig ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu.

Baldur var bæði sakfelldur í héraði og að lokum í Hæstarétti árið 2012 fyrir inn-

herjasvik og brot í opinberu starfi. Dómurinn þótti umdeildur og lýsti Baldur yfir miklum vonbrigðum á sínum tíma vegna niðurstöðunnar.

Baldur kærði málið til Mannréttindadómstólsins í ársbyrjun 2012, en dómstóllinn hefur nú vísað málinu frá.

- js



BALDUR GUÐLAUGSSON Mál Baldurs mun ekki njóta brautargengis fyrir Mannréttindadómstólum.

RISA- ÚTSALA

ELLINGSEN

20-70%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM

DIDRIKSONS
BARNAÚLPUR
25%
AFSLÁTTUR



ALLT
DEVOLD PULSE
40%
AFSLÁTTUR

ÁÐRAR
DEVOLD VÖRUR
20%
AFSLÁTTUR



50%
AFSLÁTTUR

COLUMBIA
POWDERBUG
KULDASKÓR
Stærðir 25-31

5.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 11.990 KR.



MANNBRODDAR
Stærðir S-XL

1.521 KR.
VERÐ ÁÐUR 1.890 KR.



40%
AFSLÁTTUR



DEERHUNTER
ALASKA VEIÐIÚLPA

29.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.



COLUMBIA COMBIN
GÖNGUSKÓR
Stærðir 7,5-12

19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 34.990 KR.

ZAMBERLAN PARROT
GÖNGUSKÓR
Stærðir 37-48

16.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 21.990 KR.



COLUMBIA TRACK
SVEFNPOKI

4.490 KR.
VERÐ ÁÐUR 6.990 KR.

COLUMBIA ROPE
TOW KULDASKÓR
Stærðir 25-31

6.995 KR.
VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.



50%
AFSLÁTTUR

DEERHUNTER
ALASKA VEIÐIBUXUR

19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.

50%
AFSLÁTTUR



DEERHUNTER BIB
ALASKA VEIÐIBUXUR

19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.

BAKPOKAR
30%
AFSLÁTTUR



COLUMBIA BUGABOOT
KULDASKÓR
Stærðir 41-50

22.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.



45%
AFSLÁTTUR



MERIDA FINSE
HYBRID REIÐHJÓL

59.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 109.990 KR.

RAFSKUTLUR
Litur: Svartur, rauður, og blár

79.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 139.900 KR.



50%
AFSLÁTTUR



DIDRIKSONS TILDA ÚLPA
Stærðir 36-46

13.995 KR.
VERÐ ÁÐUR 27.990 KR.

TATONKA
HITABRÚSI 750 ML

3.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 4.990 KR.



SKOGSTAD
BARNAÚLPUR
30%
AFSLÁTTUR



DEERHUNTER BIB
ALASKA VEIÐIBUXUR

19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.

Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA



BRESKT HJÚKRUNARFÓLK David Cameron forsætisráðherra í heimsókn.

NORDICPHOTOS/AF

Breska heilbrigðisferfið: Seld verða gögn um sjúklinga

BRETLAND Síðar á þessu ári munu lyfja- og tryggingafyrirtæki í Bretlandi geta keypt upplýsingar um sjúklinga af breska heilbrigðisferfinu, NHS.

Nýju reglurnar taka gildi í mars, en þá verður hægt að afhenda fyrirtækjunum gögn um ýmsa sjúkdóma sem hrjáu hafa einstaklinga, svo sem krabbamein og geðræn vandamál. Þá verða gögn um drykkjuvenjur og reykingar sjúklinga meðal þess sem hægt verður að selja.

Þessar nýju reglur hafa sætt gagnrýni og óvissa virðist vera um hvort reglum um persónuvernd sé fullnægð.

- gb

Atvinnulausir í Danmörku: Skyldunám-skeið sóun á fé

DANMÖRK Nefnd skipuð af dönsku ríkisstjórninni leggur til að hætt verði að skylda atvinnulausa á bótum til að sækja námskeið sem þeir hafa ekki áhuga á. Slíkt sé sóun á opinberu fé og tíma þeirra atvinnulausu.

Í staðinn eigi vinnumiðlunin og atvinnulausir að koma sér saman um hvaða námskeið verði sótt. Frá þessu er greint á fréttavef danska ríkisútvarpsins.

Nefndin, sem skipuð var í febrúar í fyrra, segir þörf á hnitmiðaðri ráðgjöf.

- ibs

Alþjóðleg björgunarmiðstöð líklega staðsett í Keflavík

Mögulega er ástæða til að hafa starfsemi leitar- og björgunarmiðstöðvar víðar en bara í Keflavík, segir utanríkisráðherra. Sjávarútvegsráðherra Noregs segir að ekki verði hnikað frá stefnu Noregs í makríldeilunni.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is
Arctic Frontiers – ráðstefna um málefni norðurlóða í Tromsø



„Það er unnið að málinu í innanríkis- og utanríkisráðuneytinu og þegar það hefur tekið á sig skýrari mynd munum við keyra á þetta. Við munum ræða þetta sérstaklega í febrúar þegar varnar- og utanríkisráðherrar Norðurlandanna heimsækja okkur til Íslands,“ segir Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra spurður um alþjóðlega leitar- og björgunarmiðstöð á Íslandi, en ráðherra vék að málinu í ræðu sinni á norðurlóðarástefnunni Arctic Frontiers í borginni Tromsø í Noregi í gær.



GUNNAR BRAGI SVEINSSON

Gunnar Bragi segir í viðtali við Fréttablaðið að horft sé til Keflavíkurflugvallar fyrir grunnstarfsemi, enda sé þar allt til staðar. Hins vegar sé verið að skoða hvort ástæða sé til að dreifa starfsemi víðar um landið, en það er einmitt til skoðunar í ráðuneytnum.

Hugmyndin kom fyrst fram í sumar þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra fundaði með Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins. Forsætisráðherra ræddi þá sérstaklega um málefni norðurlóða og mikilvægi þess að byggja upp innviði á norðurlóðum, ekki hvað síst á sviði leitar og björgunar. Ísland væri vel í stakk búið til að fóstara slíka miðstöð í krafti þekkingar og ekki síst staðsetningar landsins. Slíkt yrði í samstarfi allra ríkja norðurlóða,

→ Makrílveiðin við Ísland er jákvæð hlið á hlýnun jarðar, en ekki loku fyrir það skotið að mikilvægir nytjastofnar Íslands geti leitað norðar í kaldari sjó, til dæmis þorskur, síld og loðna, sagði utanríkisráðherra í gær.

en NATO ætti líklega aðkomu að starfsemi með starfsfólki og tækjabúnaði.

Gunnar Bragi kom víða við í ræðu sinni og, eins og aðrir ræðumenn, vék að álitamálum sem tengjast hlýnun jarðar fyrir norðurlóðir. Makrílveiðin við Ísland væri jákvæð hlið þeirrar þróunar en hann sagði jafnframt að ýmsar hættur kynnu að leynast hinum megin við hornið. Með hlýnun sjávar væri ekki loku fyrir það skotið að mikilvægir nytjastofnar Íslands gætu leitað norðar í kaldari sjó, og tiltók þorskur, síld og loðna sem dæmi.

DEILT UM AUÐLINDIR Á NORÐURLÓÐ



ELISABETH ASPAKER

Elisabeth Aspaker, sjávarútvegsráðherra Noregs, talaði á undan Gunnari Braga á ráðstefnunni, og er vert að minnast á hennar framlag um makríldeiluna. Hún lýsti yfir vonbrigðum sínum með að ekki hefði náðst samkomulag, þrátt fyrir tilraunir til samningagerðar í fimm ár, en tók sérstaklega fram að Noregur nálgast þá deilu út frá því grundvallarsjónarmiði Norðmanna að eignarhald á tilteknum fiskistofni grundvallarlist á því hvar stofninn héldi sig yfir árið – eða landfræðilegri dreifingu hans.

„Noregur lítur svo á að lausn deilunnar um hvernig veiði á makríl skal skipt á milli strandríkjanna grundvallist á þessari reglu,“ sagði Aspaker. Hún bætti við




BJÖRGUNARVEIT Horft er til þess að alþjóðleg björgunarmiðstöð verði staðsett á Keflavíkurflugvelli þó mögulegt sé að hún verði með starfsstöðvar víðar á landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

að hún tæki makríllinn sem dæmi um að deilt sé um auðlindir á norðurlóðum, og eflaust verði það einnig svo í framtíðinni. Hins vegar séu fá álitamál um svæðisbundna hagsmuni á norðurlóðum og því teldust norðurlóðir eitt af friðsamari svæðum heims.

Gunnar Bragi hnykkti hins vegar á því í sinni ræðu að makríllinn væri nú allt sumarið inni í íslensku lögsögu til að éta á sig vetrarforða. Eins myndu vísindagögn að makríll sé byrjaður að hrygna við Ísland og þar væri nú vísir að stofni sem aldrei færi út úr íslensku lögsögu.

Gunnar Bragi vék sérstaklega að jafnréttismálum í tengslum við samvinnu ríkja á norðurlóðum. Ísland mun, ásamt Noregi, leiða verkefni innan Norðurskautsráðsins sem snýr að stefnumótun í jafnréttismálum á svæðinu. Þessu starfi verður fylgt eftir með sérstakri ráðstefnu sem haldin verður á Akureyri í október næstkomandi.



ELTINGALEIKUR Stjórnendur verkefnisins hafa líkt erfðleikunum við að lenda geimfari á halastjörnu við flugu sem reynir að lenda á byssukúlu á flugi.

NORDICPHOTOS/AF

Geimfarið Rosetta vakið af rúmlega 2 ára svefni:

Eltir halastjörnuna

VÍSINDI Vísindamenn Evrópsku geimvísindastofnunarinnar hafa staðfest að merki hefur borist frá geimfarinu Rosetta. Æsilegasti eltingaleikur vísindasögunnar verður því að veruleika.

Geimfarið mun elta uppi halastjörnu sem æðir um sólkerfið á fjörutíu þúsund kílómetra hraða og lenda á henni. Þetta er ein flóknasta og metnaðarfullsta vísindatilaun fyrir og síðar. Í um tvö og hálf ár hefur geimfarið Rosetta sofið vært í átta hundruð milljóna kílómetra fjarlægð frá jörðu.

Geimfarið á nú að beina sjónum sínum að halastjörnunni 67P/Churyumov-Gerasimenko, sem er fjögurra kílómetra breiður ís- og aurnullungur sem nú æðir í átt

að sólinni á 40 þúsund kílómetra hraða á klukkustund.

Rosetta notar þyngdarafli rauðu plánetunnar Mars til að byggja upp hraða. Geimfarið mun skjóta eins konar dráttartaug í halastjörnuna og á endanum lenda á yfirborði hennar. Stjórnendur verkefnisins hafa líkt þessu við flugu sem reynir að lenda á byssukúlu í miðju flugi.

„Slíkt hefur aldrei verið reynt áður. Þegar við höfum náð stefnumóti við hana munum við fylgja henni eftir þegar hún fer næst sólu og síðan mun hún koma til baka aftur. Rúsinan í pylsuendanum verður svo þegar geimfar verður í fyrsta skipti í sögunni látið lenda á sjálfri halastjörnunni,“ segir Matthew Taylor, stjórnandi verkefnisins. - kh

Varahlutir í bíla



Framúrskarandi
fyrirtæki 2012

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Herbergisfélagar slógust: 93 ára grunaður um að hafa drepið 89 ára

SVÍPJÓÐ Níutíu og þriggja ára gamall maður er grunaður um að hafa orðið áttatíu og níu ára gömlum herbergisfélaganum sínum að bana á hjúkrunarheimili í Karlshamni í Svíþjóð aðfaranótt mánudags.

Samkvæmt frétt á vef Aftonbladet höfðu mennirnir rifist síðdegis á sunnudag en ekki kom þá til handalögmála.

Hinn grunaði, sem er slasaður, lá á sjúkrahúsi í gær. Ekki var hægt að yfirheyra hann vegna ástands hans.

- ibs



FRAMKVÆMDIR Vísitala byggingarkostnaðar er reiknuð út mánaðarlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

Vísitala byggingarkostnaðar: Hefur lækkað um 0,1 prósent

EFNAHAGSMÁL Vísitala byggingarkostnaðar lækkar um 0,1 prósent milli desember og janúar. Á síðustu tólf mánuðum hefur vísitala byggingarkostnaðar hækkað um 2,5 prósent.

Vísitalan er reiknuð um miðjan mánuðinn og var nú 118,9 stig, að því er fram kemur í nýbirtum tölum Hagstofu Íslands.

„Verð á innlendu efni hækkaði um 0,4 prósent (áhrif á vísitölu 0,1 prósent) en verð á innfluttu efni lækkaði um 0,9 prósent (-0,2 prósent),“ segir á vef Hagstofunnar.

- óká



HÖFUÐSTÖÐVARNAR S&P telur Landsbankann búa að talsverðu svigrúmi þegar komi að lausa- og eiginfjárstöðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Telur horfurnar stöðugar: S&P gaf Landsbankanum BB+

VIÐSKIPTI Alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið Standard & Poor's (S&P) gefur Landsbankanum lánshæfiseinkunnina BB+ og telur horfurnar stöðugar. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu bankans þar sem vísað er í mat S&P sem birt var í gær.

Þar kemur fram að S&P telji Landsbankann búa að umtalsverðu svigrúmi í lausa- og eiginfjárstöðu þrátt fyrir erfiðar aðstæður í efnahagslífinu.

Arion banki fékk sömu lánshæfiseinkunn í mati S&P 10. janúar síðastliðinn.

- hg

Dæmi eru um að leikskólabörn hafi ekki fengið að fara út á leikskólum svo dögum skiptir vegna hálfu:

Börn þurfa að húka inni vegna hálfunnar

MENNTAMÁL Leikskólabörn á höfuðborgarsvæðinu hafa á sumum leikskólum þurft að húka inni svo dögum skiptir vegna mikillar hálfu á leiksvæðum.

„Börnin hafa ekki getað farið út. Þetta hefur bitnað mikið á yngstu börnunum sérstaklega,“ segir Hrafnhildur Konný Hákonardóttir, leikskólastjóri á leikskólanum Austurborg í Reykjavík.

„Við erum með börn hérna frá rúmlega eins árs aldri og þau fóta sig ekkert í þessari hálfu

sem hefur verið,“ bætir Hrafnhildur við.

Á Austurborg eru börn upp úr rúmlega eins árs aldri. Hrafnhildur segir ástandið helst bitna á þeim yngstu, enda eigi þau erfiðast með að fóta sig í hálfunni. „Þetta eru kraftmikil börn og þau þurfa á útiverunni að halda. Þetta hafa því stundum verið dálítið erfiðir dagar,“ segir Hrafnhildur.

Hún segir að um örþrifarád sé að ræða, enda vilji leikskólinn ekki taka áhættu á slysum í hálfunni.

Starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa ekki haft undan að sanda við leikskóla borgarinnar og aðrar stofnanir undanfarnar vikur. Það hafi þó gengið misvel vegna tíðarfarsins. Betur hafi gengið með göngu- og hjólastíga á leikskóla- svæðum, enda séu þeir gjarnan upphitaðir.

Upplýsingafulltrúi Reykjavíkurborgar hefur beint þeim til- mælum til leikskólanna að halda börnum innandyrna í stað þess að hætta á slysum utandyra.

- js, mlþ



HÁLKA Börnin á Grænumborg eiga erfitt með að fóta sig á svellinu á leikskólalóðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Firmaskrá hjá RSK

- Athygli er vakin á því að 1. janúar 2014 tók fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra við firmaskráningum sem áður fóru fram hjá sýslumannsembættum landsins.
- Einstaklingsfyrirtæki, sameignarfélag og samlagsfélög eru nú skráð hjá fyrirtækjaskrá RSK.
- Ennfremur skal framvegis tilkynna allar breytingar á þessum félagaförum til fyrirtækjaskrá RSK.
- Frekari upplýsingar má nálgast á rsk.is og hjá ríkisskattstjóra á Laugavegi 166.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

✉ rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver 9:30-15:30



Nánari upplýsingar á rsk.is

Lýsa yfir vilja til samstarfs: Coscon og Eimskip auka tengsl

VIÐSKIPTI Skipafraktflutningadeild kínverska skipafélagsins Coscon hefur skrifað undir samkomulag við Eimskip um aukið samstarf. Fjallað er um málið á kínverska fréttavefnum SinoShip News.

Haft er eftir Coscon að samkomulagið feli í sér aukna sameiginlega fraktflutninga, auk þess sem rætt hafi verið mögulegt samstarf í fraktflutningum í Evrópu, siglingum yfir norður-skautið og skipasmíðum.

- 6k4

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra leggur fram breytingar á lögum um útlendinga:

Markmiðið er að stytta bið hælisleitenda

STJÓRN MÁL Innanríkisráðherra lagði í gær fram frumvarp á Alþingi til breytinga á lögum um útlendinga. Meðal annars er lagt til að ráðherra skipi kæruneftnd útlendingamála, sem taki við kærnum vegna ákvarðana Útlendingastofnunar.

Hingað til hefur innanríkisráðuneytið tekið við kærnum, en sú framkvæmd hefur verið gagnrýnd á þeim forsendum að ráðuneytið geti ekki talist óhlutdrægur úrskurðaraðili í málum undirstofn-

ana sinna. Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra sagði á Alþingi í gær að hún tæki undir gagnrýni á núgildandi framkvæmd og hún teldi brýnt að mannréttindasamtök ættu aðild að kæruneftndinni til að tryggja sjálfstæði hennar.

Þá sagði ráðherra markmið frumvarpsins vera að stytta þann tíma sem hælisleitendur þurfa að bíða eftir niðurstöðu í málum sínum og lækka kostnað ríkisins við umönnun hælisleitenda.

Hún sagði Íslendinga eiga að vera jákvæða gagnvart því að taka á móti einstaklingum sem sannlega þurfa á alþjóðlegri og pólitískri vernd að halda.

Hanna Birna sagði mikilvægt að skoða hvort Íslendingar eigi að taka í auknum mæli á móti flóttafólki, sem þegar hefur fengið viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamenn. „Við vitum að við höfum innviði sem geta tekist á við það og við eigum að vera hugrökk hvað þetta varðar,“ sagði hún.

- eb



„Við vitum að við höfum innviði sem geta tekist á við [fleiri flóttamenn] og við eigum að vera hugrökk.“


Hanna Birna Kristjánsdóttir
innanríkisráðherra

EM 2014
Ísland - Danmörk
Miðvikudag kl. 19:30



**HANDBOLTI Í BEINNI ÚTSENDINGU
Á MIÐVIKUDAGINN, KL. 19:30
Á BYLGJUNNI**

Guðjón Guðmundsson fer á kostum
þegar hann lýsir leikjum
íslenska landsliðsins



BYLGJAN
989

Aðeins 85 eiga jafnt og helft mannkyns

Rétt áður en samkoma helstu áhrifamanna heims hefst í Davos í Sviss senda hjálparamtökin Oxfam frá sér skýrslu um vaxandi misskiptingu auðs í heiminum. Í skýrslunni kemur fram að 85 menn eiga jafn mikið og helmingur alls mannkyns.

SVISS „Það er hreint yfirþyrmandi að á 21. öldinni skuli helmingur allra íbúa jarðarinnar, þrír og hálfur milljarðar manna, ekki eiga meira en pínulítil hópur fyrimanna sem kæmst auðveldlega allir fyrir í einum tveggja hæða strætisvagni,“ er haft eftir Winnie Byanyima á fréttavef breska dagblaðsins The Guardian.

Byanyima er framkvæmdastjóri alþjóðlegu hjálparamtakanna Oxfam. Hún er á leiðinni til Davos í Sviss þar sem hún tekur þátt í hinni árlegu ráðstefnu margra helstu áhrifamanna heims um efnahagshorfnar.

Í tilefni ráðstefnunnar hafa samtökin tekið saman skýrslu um vaxandi misskiptingu auðs. Þar kemur meðal annars fram að 85 auðugustu menn heims, samkvæmt lista tímaritsins Forbes, eiga jafn mikið og nemur öllum veraldlegum eignum fátækari helmingur mannkyns, alls 3,5 milljarða manna.

Í skýrslunni er skorað á alla þá auðkýfinga sem koma saman á ráðstefnu í Davos í Sviss nú í vikunni, að gera sitt til þess að draga úr misskiptingu auðs. Bent er á að Alþjóðlega efnahagsráðið, sem heldur samkomurnar í Davos, hafi sjálft komist að þeirri niðurstöðu að sá gríðarlegi tekjumunur, sem farið hefur vaxandi á síðustu árum, sé meðal þess sem helst ógnar lífskjörum jarðarbúa á næstu misserum.

Fram kemur í skýrslunni að sjö af hverjum tíu jarðarbúum búa í landi þar sem efnahagsleg misskipting hefur aukist á síðustu þrjátíu árum. gudsteinn@frettabladid.is



FÁTÆKT 85 ríkustu menn í heimi eiga meira en helmingur mannkyns samkvæmt skýrslu hjálparamtakanna Oxfam. NORDICPHOTOS/AFF

Áskoranir Oxfam til auðkýfinga í Davos

Peir sem koma saman á Alþjóðlegu efnahagsráðstefnunni í Davos hafa völd til þess að snúa við hinni hröðu aukningu sem orðið hefur á ójafnleik. Oxfam skorar á þá að heita því að þeir muni:

- Ekki notfæra sér skattaskjól til að koma sér hjá því að greiða skatta í heimalandi sínu eða í löndum þar sem þeir fjárfesta og starfa
- Ekki notfæra sér auðæfi sín til sækjast eftir pólitískri greiðviki sem grefur undan lýðræðisvilja meðborgara þeirra
- Birta opinberlega upplýsingar um allar fjárfestingar sínar í fyrirtækjum og sjóðum sem þeir á endanum njóta góðs af sem eigendur
- Styðja stighækkandi skattlagningu á eignir og tekjur
- Skora á stjórnvöld að nota skatttekjur sínar til þess að útvega öllum borgurum heilbrigðisþjónustu, menntun og félagslega vernd
- Tryggja lágmarkslaun í öllum fyrirtækjum sem þeir eiga eða stjórna
- Skora á aðra auðjöfra að ganga í lið með þeim í þessum heitstrengingum.

Sýrlenskir stjórnarandstæðingar neita að hafa Írana við samningsborðið:

Sýrlandsviðræður í uppnámi

SÝRLAND, AP Sýrlenskir stjórnarandstæðingar hafa hótad því að taka ekki þátt í friðarviðræðum, sem hefjast eiga í Genf á morgun.

Stjórnarandstæðingarnir geta engan veginn sætt sig við að fulltrúar Írans taki þátt í viðræðunum, en Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sendi þeim formlegt boð um það á sunnudag.

Erfiðlega hefur gengið að fá fulltrúa bæði stjórnvalda og stjórnarandstæðinga í Sýrlandi til að taka þátt í viðræðunum.

Borgarastyrjöldin í Sýrlandi, sem nú hefur geislað árum saman, hefur kostað meira en 130 þúsund manns lífið. Milljónir manna þurfa nú á neyðarstöðu að halda í landinu og flóttamenn hafa flykkst hundruðum þúsunda saman til nágrennalandanna.

Íranar hafa aðstoðað Bashar al Assad Sýrlandsforseta allt frá því átökin hófust árið 2011. Þeir hafa útvegað honum ráðgjafa, peninga og vögubúnað.

Rússar, sem í haust fengu Sýrlandinga til að fallast á að láta eyða efnavopnum sínum, hafa lagt áherslu á að Íranar taki þátt í viðræðunum.

- gb



BAN KI-MOON Bauð Írónum að senda fulltrúa til viðræðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Mataræði og lífsstílsjúkdómar

Opið málþing fyrir almenning á vegum Læknafélags Íslands og Fræðslustofnunar lækna í Hörpu miðvikudagskvöldið 22. janúar kl. 20.00

Kál og kartöflur eða kjöt? – Kolvetnapælingar

Anna Sigríður Ólafsdóttir
matvæla- og næringarfræðingur

Hvað er í matinn hjartað mitt?

Axel F Sigurðsson
hjartalæknir

Offita barna ... léttvægt vandamál?

Ragnar Bjarnason
barnalæknir

Skynsemin ræður ... eða hvað?

Tryggvi Þorgeirsson
læknir og lýðheilsufræðingur

Fundarstjóri: Karl K. Andersen, prófessor í hjartalækningum



Aðgangur ókeypis

Hvaðan kom tillagan og hvernig var hún rökstudd?

Bankaskattsfúsk

Farsinn í kringum frískuldamark bankaskattsins er vandræðalegur fyrir stjórnarmeirihlutann á Alþingi. Enginn virðist vita almennilega hvernig eigi að rökstyðja 50 milljarða viðmið, sem sett var inn í lög um skattinn að tillögu meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar, eða hvaðan tillagan um þessa upphæð kom. Málið er sennilega fremur til marks um hefðbundið íslenskt fúsk í lagasetningu en eitthvert spillingarhneyksli. Það breytir því ekki að það er vont.

Þegar frumvarpið um bankaskatt kom fram báðu sparissjóðirnir um að þeim yrði hlíft við skattinum með því að skuldir undir þremur milljörðum króna yrðu undanþegnar honum. Straumur fjárfestingabanki vildi láta milda áhrifin á sig og lagði til sjö milljarða. Einhverra hluta vegna varð lendingin 50 milljarðar, sem ekkert fjármálaframtaki lagði

til. Á vefsíðunni Andríki var bent á að það frískuldamark þýddi að MP banki slyppi við áhrif skattsins að miklu leyti, en hann skuldaði í haust um 57 milljarða króna.

Síðan hefur verið bent á nán tengsl milli stjórnenda MP banka og forystumanna í stjórnarliðinu. Það er ekki þar með sagt að þau tengsl hafi skipt nokkru máli þegar ákvörðunin um frískuldamarkið var tekin, en það er eðlilegt að spurt sé. Ef stjórnvöld hefðu málefnaleg svör og vandaðan rökstuðning á reiðum höndum væri auðvelt að blása alla tortryggni og efasemdir út af borðinu.

Þar stendur hins vegar hnifurinn í kúnni. Enginn hefur svörin á reiðum höndum, heldur bendir hver á annan.

Vandræðalegust er framganga Frosta Sigurjónssonar, formanns viðskipta- og efnahagsnefndar. Hann byrjaði á að segja að færa mætti rök fyrir því að MP banki hefði átt að sleppa alveg við skattinn af því að hann hefði ekki valdið ríkissjóði tjóni í hruninu. Það var augljóslega röng fullyrðing – MP banki átti til dæmis sinn þátt í ástarbréfavíðskiptunum svokölluðu – enda dró Frosti hana til baka í Fréttablaðinu á laugardag og sagðist bara ekkert vita hvaðan honum hefði komið þessi hugdettu. Svo er það önnur saga að það er hæpin forsenda fyrir skattlagningu að ætla að refsasumum bönkum fyrir að hafa valdið tjóni en öðrum ekki.

Frosti hélt því líka fram til að byrja með að 50 milljarða talan hefði komið frá fjármálaráðuneytinu, en hann vissi ekkert um það hvernig hún væri fundin út. Þessu hafnaði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra um helgina, svo og fulltrúar ráðuneytisins sem mættu á fund þingnefndarinnar í gærmorgun. Nú viðurkennir Frosti að talan hafi komið frá nefndarmeirihlutunum, en hann veit ennþá ekki hvernig hún var rökstudd.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, samþykkti 50 milljarða markið í nefndinni og lýsti meira að segja ánægju með það í nefndaráli. Samt hefur hann farið fram á fundi til að fá að vita hvaðan tillagan um það kom og hvernig talan var fundin út. Átti hann ekki að vita það? Eiga þingmenn ekki almennt að vita hvernig það sem þeir samþykkja og lýsa ánægju með er rökstutt?

Ísland er lítið land. Það er ekki alls ekki alltaf réttlæt看legt að gera tengsl tortryggileg, jafnvel þótt fyrirtæki undir stjórn manna sem eru nátengdir stjórnvöldum græði á ákvörðunum þeirra síðarnefndu. En þá þurfa ákvarðanirnar líka að vera gegnsæjar, málefnalegar og rökstuddar. Það vantar verulega upp á það í þessu máli – og það gerir það tortryggilegt, hvort sem stjórnmalamönnum líkar það betur eða verr.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðalbestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

FRÁ DEGI TIL DAGS

Aftur til upprunans

Umræðan um 50 milljarða frímarkið á bankaskatt tók enn eina slaufuna í gær þegar í ljós kom, eftir fund í efnahags- og viðskiptanefnd, að þessi upphæð varð ekki til í meðförum fjármálaráðuneytisins, eins og Frosti Sigurjónsson, formaður nefndarinnar, hafði haldið fram, heldur einmitt hjá Frosta sjálfum og meirihluta nefndarinnar.

Ógeð eður ei?

Enn er því haldið fram að upphæðin hafi ekki verið sett á til að hygja MP banka umfram önnur fyrirtæki, vegna tengsla núverandi og fyrrverandi forsvarsmanna

bankans við ríkisstjórnina og það má vel vera rétt. Hins vegar er ekki skrítið, miðað við þá snúninga sem málið hefur tekið síðustu daga, að fólk spyrji spurninga. Svör frá meirihlutunum hafa verið ónákvæm eða röng og því sjálfsagt að fá nákvæmlega allt upp á borðið til að taka af öll tvímæli. Það er ekki „ógeðfelld pólitík“.

Hverjir eru nasistarnir?

Stóra Austurríkismálinu lauk í bili í gær með sameiginlegri yfirlýsingu HSI, Austurríkismanna og Evrópska handknattleiks-sambandsins þar sem meðal annars var undirstrikað að rasismi

og pólitík ættu ekki heima í umfjöllun um alþjóðleg íþróttamót. Eitt slær mann sérstaklega í yfirlýsingunni, en það er sú trú Austurríkismanna að samlíking Björns Braga Arnarssonar milli sigurs Íslands og innlimunar Þýskalands á Austurríki árið 1938 „endurspeglar ekki skoðun

Íslensku þjóðarinnar“. Það er líka vonandi, því að þetta bull er fyrst og fremst sagnfræðilega ónákvæmt, þar sem sárafáum var „slátrað“ þegar Þjóðverjar innlimuðu Austurríki árið 1938. Þess utan er móðgunin mest við íslenska liðið sem var líkt við nasista.

thorgils@frettabladid.is



Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

HALLDÓR



Fylkjum liði í menntamálum

MENNTUN



Skúli Helgason fv. alþingismaður

Skólamála eru einn mikilvægasti mála-flokkur stjórnmalanna og geta skipt sköpum fyrir velferð og hagsæld samfélagsins. Verulegu fjármagni er varið til menntamála, einkum þeirra skóla-stiga sem eru á forræði sveitarfélaga. Í leikskólum og grunnskólum er unnið gott starf, sem birtist í jákvæðum viðhorfum nemenda og forelda. En miklar áskoranir felast í brotthvarfi nemenda úr framhaldsskólum, háu hlutfalli drengja sem ekki nýtur sín í skóla, fjölbreytileika nemendahópsins og óviðunandi starfskjörum kennara.

Umræða um þessi atriði hefur staðið árum saman en árangur lætur á sér standa – kannski vegna þess að við hlustum ekki nægilega vel á fagfólki sem vinnur verkin.

Forgangsverkefni

Ný PISA-könnun sýnir að staða íslenskra nemenda hefur versnað í undirstöðugreinum, einkum á landsbyggðinni. Í Reykjavík er árangur nemenda í stærðfræði yfir meðaltali Norðurlanda en undir í lestri og náttúrufræði. Sérstaklega hallar þar á drengi sem rímar við nýlegar niðurstöður um að 30% drengja geti ekki lesið sér til gagns við lok grunnskóla. Afleiðingarnar eru afdrifa-

→ Árangur mun á endanum ráðast af því að stjórnvöld og fagfólk í skólum vinni saman að mótun markmiða og aðgerða...

ríkar fyrir ungt fólk á leið út í lífið. Það verður að vera forgangsverkefni að efla læsi og lesskilning allra barna og beita þeim aðferðum sem skila árangri.

Leið til jafnaðar

Ég er jafnaðarmaður og trúi því að samfélaginu farnist best ef allir hafa jöfn tækifæri til að láta drauma sína rætast. Það er krefjandi markmið en leiðin að því liggur um menntakerfið, þar getum við og eignum að nesta börnin okkar fyrir framtíðina. Það eru ekki önnur tækifæri til að leggja grunninn.

Árangur mun á endanum ráðast af því að stjórnvöld og fagfólk í skólum vinni saman að mótun markmiða og aðgerða, þar með talið um hvernig megi auka veg og virðingu kennarastarfsins. Ég er tilbúinn að leggja mitt af mörkum við að mynda slíka breiðfylkingu.

Ég býð mig fram í flokksvali Samfylkingarinnar 7.-8. febrúar, ekki síst til að beita mér í þessum mikilvæga mála-flokki.

Læknisvottorð, ómerkilegur pappír?

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



Læknirinn getur í nokkrum hluta þeirra vottorða sem hann gefur út dags daglega alls ekki sannreynt eitt eða neitt, heldur staðfestir frásögn skjólstæðings.

Það er þekkt að læknar eru reglubundið beðnir um að gefa út vottorð vegna veikinda skjólstæðinga sinna, einnig vegna starfshæfni eða annarrar hæfni sem þykir þurfa læknisfræðilega nálgun og staðfestingu eins og við stjórnun ökutækja, skipa og flugvéla svo eitthvað sé nefnt. Þá er snar þáttur heimilislækna sem og annarra lækna orðinn að votta um ástand skjólstæðinga með tilliti til tryggingartöku þeirra, gagnvart hinu opinbera og lífeyrissjóðum vegna langvarandi veikinda eða jafnvel ferða viðkomandi innanlands þegar hann sækir sér læknishjálp. Læknisvottorð geta verið gögn í dómsmálum og þurfa læknar að geta staðið við þau fyrir dómi ef svo ber undir.

Þetta er býsna mikil skriffinnska og talsverður munur á því hvaða augum læknar líta þessi vottorð en samkvæmt reglugerð um útgáfu læknisvottorða nr. 586/1991 segir orðrétt í fyrstu grein: „Lækni ber skylda til að votta samskipti sín og sjúklings, óski sjúklings eftir því, eftir atvikum foreldri eða forráðamaður eða annar umboðsmaður hans.“ Þá getur verið óskað eftir vottorði læknis eins og þekkt er af hálfu tryggingarfélagss eða opinberra aðila eins og sýslumanns eða flugmála-stjórnar samanber hér að ofan. Þetta er ekki alltaf svona auðvelt því í þriðju grein segir: „Læknir skal ekki staðhæfa annað í vottorði en það sem hann hefur sjálfur sannreynt,“ og þar liggur flækjustig málsins.

Óljós viðmið

Oft er um að ræða vottorð þar sem er illa skilgreint hvað þarf til að standa eða falla á skoðun, viðmið eru óljós varðandi marga þætti og standa aðrar þjóðir okkur mun framar hvað þetta snertir. Sem dæmi má nefna sjómenn sem þurfa starfshæfnisvottorð vegna vinnu sinnar, ýmislegt er mælt og skoðað en viðmið ekki vel skilgreind, það er háð mati læknisins. Ólíkt því sem er t.d í Noregi, Bandaríkjunum og víðar. Hið sama gildir um ökuleyfisvottorð í dag. Það er í lagi ef slíkt mat væri samræmt sem það er hins vegar alls ekki. Eitt af fáránlegri vottorðum sem læknar eru beðnir að skrifa út í dag er vegna skotvopnaleyfis, en þar ber að votta um líkamlega og andlega heilsu viðkomandi og hvort hann sé hæfur til að bera skotvopn, en það liggja ekki til grundvallar nein viðmið og er þetta algerlega háð mati hvers læknis fyrir sig. Það sér hver heilvita maður

að þetta er ekki boðlegt. Sem dæmi um góð vinnubrögð varðandi læknisfræðilegt starfshæfi er reglugerð um læknisskoðun þeirra sem stunda reykjöfun. Þar er vel skilgreint hvað á að skoða, hvernig og sömuleiðis hvað kemur í veg fyrir að viðkomandi hljóti leyfi.

Einhliða umræða

Læknirinn getur í nokkrum hluta þeirra vottorða sem hann gefur út dags daglega alls ekki sannreynt eitt eða neitt, heldur staðfestir hann frásögn skjólstæðings. Það eru til dæmis vottorð vegna veikinda til atvinnurekenda og vegna fjarveru frá skóla sem oftsinnis eru afgreidd í gegnum síma. Þarna getur verið mikið í húfi fyrir skjólstæðing læknisins en einnig fyrir atvinnurekandann í forni kjarasamningsbundinna ákvæða og réttinda. Læknar hafa almennt ekki góða innsýn inn í slíka samninga og eru heldur ekki að velja fyrir sér muninum á milli þeirra hvað þessi atriði snertir. Því hættir þeim til að meðhöndla alla eins, sem er að vissu leyti rökrétt fyrir lækninn þegar hann hugsar um hagsmuni sjúklingsins sem hann á fyrst og fremst að gera. Þó má ekki gleyma því að á sama tíma og hann gerir það má hann ekki ganga á rétt vinnuveitandans.

Það hvarflar ekki að mér að ætla að draga úr rétti sjúklings, né heldur að gera lítið úr vinnu við læknisvottorð þar sem ég er sannfærður um að rétt sé með farið í yfirgnæfandi meirihluta tilfella. En mér þykir umræðan um „rétt“ vera dálítið einhliða hjá launþegnum þó svo ég þykist vita að víða er pottur brotinn í samskiptum í atvinnulífinu.

Vottorð vegna veikinda eru því í sumum tilvikum beinlínis notuð til þess að koma fólki sem er fullfrískt, en biturt sökum einhverra aðstæðna, í veikindi sem eiga sér enga raunverulega stoð. Þetta er sérstaklega algengt hjá einstaklingum sem hefur verið sagt upp störfum og eru á uppsagnarfresti. Samskiptavandi á vinnustað, vanlíðan, einelti og heilsuspillandi umhverfi auk annarra vandamála eiga sér farveg í markvissu heilsu- og vinnuverndarstarfi innan fyrirtækja með fulltingi trúnaðarlæknis í vinnuverndarlöggjöfinni. Sé misbrestur á slíku starfi getur það leitt til aukinnar fjarveru vegna veikinda sem kunna að vera raunveruleg eða jafnvel ekki, en slíkt er vont fyrir alla hlutaðeigandi.

KJARA KAUP

Notaðir gæðabílar á einstöku verði.


Nú gefst tækifæri til að eignast notaðan bíl á sérstökum kjörum.



Afsláttur: 800.000

MM Pajero 3,2 Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 30.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 8.790.000

KJARA KAUP: 7.990.000



Afsláttur: 700.000

Audi A4 2,0 TDI AT
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 26.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.390.000

KJARA KAUP: 4.690.000



Afsláttur: 360.000

Chevrolet Lacetti
1800 station Árgerð 2010, bensín
Ekinn 34.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.950.000

KJARA KAUP: 1.590.000



Afsláttur: 960.000

Toyota Land Cruiser
150 GX Árgerð 2012, dísil
Ekinn 67.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 8.550.000

KJARA KAUP: 7.590.000



Afsláttur: 560.000

VW Tiguan Trend&Fun
2.0 TDI Árgerð 2012, dísil
Ekinn 61.500 km, beinskiptur
Ásett verð: 4.550.000


KJARA KAUP: 3.990.000



Afsláttur: 500.000

Suzuki Grand Vitara
Premium+ Árgerð 2011, bensín
Ekinn 58.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.190.000

KJARA KAUP: 3.690.000



Afsláttur: 400.000

Toyota RAV4 GX plus
Árgerð 2013, bensín
Ekinn 21.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.770.000


KJARA KAUP: 5.370.000



Afsláttur: 300.000

VW Polo 1.4 Comfortl. AT
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 52.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.190.000


KJARA KAUP: 1.890.000



Afsláttur: 550.000

Mitsubishi ASX 4x4 1.8
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 28.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 3.950.000

KJARA KAUP: 3.400.000



Afsláttur: 700.000

Audi Q7 3.0 TDi
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 126.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.990.000

KJARA KAUP: 5.290.000

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Kíkið inná:
heklanotadirbilar.is



NOTAÐIR BÍLAR

Komdu og skoðaðu úrvalið!

Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Ópið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 12-16

Friðarborgin Reykjavík

Jón Gnarr strengdi þess heit um áramótin að gera Reykjavík að herlausri borg áður en borgarstjórn hans væri á enda. Borgarstjóri hefur ítrekað stigið fram og talað gegn komu herskipa og herflugvéla til Reykjavíkur frá því að hann tók við embætti borgarstjóra. Saman deilum við þeirri skoðun að Reykjavík geti orðið friðarborg sem hafni alfarið hernaðarbrótti heimsins og friðlýsi Reykjavík frá komu herskipa og herflugvéla.

Fram hefur komið gagnrýni á hugmyndir Jóns og þá sérstaklega með þeim rökum að leit og björgun á Norður-Atlantshafi yrði mun erfiðari fyrir vikið þar sem landhelgisgæslan sinni svipuðu hlutverki og sjóherir nágrannaríkja okkar. Þessi rök halda þó engu vatni, enda ekkert vitað hvaða verkefnum mörg þeirra skipa og flugvéla sem hingað koma hafa verið að sinna. Að líta á komu herafila hingað til lands sem happafeng og stuðning við skipulagt björgunarsarf héraðs er í besta falli misvísandi, enda væri hægt að koma á fót annars konar samstarfi við nágrannaríki okkar væri það undirliggjandi orsök fyrir viðkomu þessara herafila. Öllu alvarlegra er þó að kanna hvaða verkefnum herfarartæki sem hingað hafa komið hafa raunverulega verið að sinna. Fluttu vélar sem hér áttu viðkomu t.d. stríðsfanga til Guantanamo? Hver veit?

Önnur rök sem heyrst hafa gegn friðarborginni Reykjavík er að afstaða lítillar borgar í Norður-Atlantshafi skipti engu máli í alþjóðasamhengi. En með þeim

HERNAÐUR



Elín Oddný Sigurðardóttir fulltrúi Vinstri grænna í mannréttindaráði Reykjavíkurborgar

rökum er algjörlega litið fram hjá ýmsum bautasteinum í mannréttinda- og friðarbaráttu í gegnum tíðina þar sem raunin er einmitt sú að lítil þúfa veltir stóru hlassi.

Afstaða okkar skiptir máli

En hvaða máli skiptir það þá þegar lítil höfuðborg á hjara veraldar tekur skýra afstöðu gegn hvers kyns hervæðingu og hernaðarbrótti? Komum herflugvéla hingað til lands hefur fækkað um meira en helming milli árunna 2011 og 2012 en við hljótum að spyrja hvert þessi skip og þessar flugvélar sem stoppa við héraðs er að fara og í hvaða tilgangi. Eða erum við sátt við að vera áningar- og þjónustustaður herflota sama hvert förrinni er heitið og hverjir kunni að láta lífið?

Á endanum standa eftir síðferðislegar spurningar sem ég hvet hvern og einn Íslending til að svara. Er stríð óviðkomandi okkur bara af því að þau eiga sér ekki stað í bakgarðinum hjá okkur? Getum við lokað augunum og samþykkt morð á saklausum borgurum í fjarlægum löndum?

Ég segi nei! Jón Gnarr borgarstjóri strengdi áramótaheit um það að gera Reykjavík að herlausri borg áður en hann lætur af embætti borgarstjóra í vor. Ég legg til að við strengjum þess öll heit að vinna að þessu með honum og raungera drauminn um herlausa Reykjavíkurborg. Afstaða okkar skiptir máli því ekkert land og engin borg er nógu lítil til að láta sitt eftir liggja í baráttunni fyrir friði og bræðralagi í heiminum.

Laugavegurinn – ábyrgð og lagfæringar

Athyglisvert viðtal við Ólaf Örn Haraldsson, forseta Ferðafélags Íslands, birtist í fréttablaðinu þann 29. nóvember síðastliðinn. Tílefni viðtalsins var undangengin umfjöllun í fjölmiðlum um slakt ástand í Landmannalaugum og gönguleiðum á Laugaveginum svokallaða. Umfjöllun sú sem vitnað er til var einkar þörf og með ágætum. Þó vantaði í hana aðeins nýrri upplýsingar um hvað hefur verið gert í lagfæringum á göngustígum á síðustu tveimur árum, meðal annars á gönguleiðinni frá skála Ferðafélagsins Útivistar, yfir Fimmvörðuháls og að Skógum. Í góðu samstarfi hafa Útivist, Vinir Þórsmerkur og Skógrækt ríkisins unnið með sjálfbodaliðum og í sjálfbodaliðastarfi að viðgerð og endurbótum á stígum á þeirri leið með ágætum árangri. En betur má ef duga skal og verður því verkefni haldið áfram og þá í anda þess sem Útivist og fleiri hafa alltaf staðið fyrir; með sjálfbodavinnu. Auk þess hefur Útivist staðið að verndar- og uppræðslustarfi í samvinnu við Landgræðsluna og Vegagerðina í Þórsmerki, en það er önnur saga. En aftur að viðtalinu við forseta FÍ.

Ferðafélag Íslands býr við sérstöðu á Laugaveginum, vinsælustu og fjölförnu gönguleið á hálendi Íslands. FÍ hefur í dag eitt félagið afnot af Landmannalaugasvæðinu öllu, síðan á félagið alla skála á leiðinni; í Hrafninnuskeri, Álftavatni og í Emstrum. Félagið hefur notið þessarar sérstöðu um langt skeið, byggt skála og haft af allri aðstöðu tekjur. Hvað átroðning varðar hefur það verið öllum ljóst að átroðningurinn undanfarin ár

FERÐAÞJÓNUSTA



Þórarinn Eyfjörð formaður Útivistar

hefur verið langt umfram það sem æskilegt er. Enda bera ummerkin þess vitni. Því er það ljóst að alla umferð á svæðinu, bæði innkomu í Landmannalaugar og umferð á Laugaveginum, þarf að hugsa upp á nýtt og endurskipuleggja. Takmarka þarf þann fjölda sem kemur inn á svæðið og það þarf kröftugt átak til að lagfæra það sem ekki hefur nægilega vel verið hlúð að.

Skattheimta

Í viðtalinu boðar Ólafur Örn einskonar skattlagningu í Landmannalaugum og á Laugaveginum. Hann boðar að tekið verði; „upp umhverfisgjald sem verður fellt inn í okkar sölu á gistingu og ferðum“. Umrætt umhverfisgjald á síðan að renna í sjóð sem FÍ, einhver ótilgreind fyrirtæki, fulltrúar frá þremur sveitarfélögum og fulltrúi frá Umhverfisstofnun eiga að stjórna. Stjórn þessi með umræddan sjóð til ráðstöfunar, á síðan að veita fé „fyrsta kastid“ til endurbóta á göngustígum. Síðan á féð að fara; „Einnig til bættrar þjónustu á starfssvæði Ferðafélags Íslands“. Hér er nauðsynlegt að staldra aðeins við.

Nú er það svo að umræðan um aðgengi ferðamanna að hálendinu og umgengni er í brennidepli þessar vikurnar. Mikið er rætt um fjármögnun nauðsynlegra verkefna og hvernig á að koma í framkvæmd aðkallandi verkefnum. Hugmyndin sem Ólafur Örn leggur til, er því í hinu stóra samhengi alltof þröng, auk þess sem það gætu reynst ákveðnir stjórnsýslulegir annmarkar á fyrirkomulaginu.

Lítum nánar á tillöguna. Það sem verið er að leggja til er einskonar skattheimta. Skattheimta til að lag-

→ Það sem verið er að leggja til er einskonar skattheimta. Skattheimta til að lagfæra það sem troðið...

færa það sem troðið hefur verið niður í þessum náttúruperlum. Það liggur fyrir að eitthvað röt-tækt verður að gerast í þessu máli og það er í sjálfu sér ekki slæm hugmynd að fá sveitarstjórnir og Umhverfisstofnun að verkefninu. En það er úr of þröngum helli horft að þessir opinberu aðilar komi að fjármögnun og stjórnun þessara verkefna einungis, ... til bættar þjónustu á starfssvæði Ferðafélags Íslands“. Betra er að þessir opinberu aðilar fái það hlutverk að setja saman áætlun til aðgerða og lagfæringar á stærra landssvæði og skynsamlegra er að hinn breiði hópur hagsmunaaðila eigi þar aðkomu. Það má hugsa sér að þar að kæmu að heildarsamtök á borð við SAMÚT og Samtök ferðaþjónustunnar, sem þá ættu fulltrúa í verkefnahópnum fyrir hönd hagsmunaaðila. Til að þetta geti orðið þarf bæði að fjármagna verkið og veita slíkri viðbragðs- eða endurbótastjórn umboð til athafna til þess að loka svæðum tímabundið, hugsanlega til lengri tíma, eða draga úr umferð um Landmannalaugar og Laugaveg meðan lagfæringar fara fram. Hópnun gæti einnig verið falið vald til að takmarka aðgang að einstökum svæðum, gera tillögur að nýjum ferðamannastöðum, nýjum leiðum og nýjum „Laugavegum“. Slíkar valdheimildir og fjármögnun hlýtur að koma frá opinberum aðilum og þá helst frá umhverfisráðuneyti, en verkefnið væri skýrt; að bæta úr ástandinu og finna nýjar leiðir með hagsmunum allra að leiðarljósi.

Ný vaxtalaus lán
í samvinnu við Ergo*
Aðrir góðir fjármögnunarkostir
einnig í boði
ergo

THE TECHNO SPACE

SJÁLFSKIPTUR DÍSEL
frá **3,8 L/100 KM**
í blönduðum akstri

SNERTISKJÁR

3 AFTURSÆTI
Í FULLRI STÆRÐ

ÓHINDRAÐ
ÚTSÝNI

CITROËN C4 PICASSO sjálfskiptur
5 MANNA
FRÁ 3.990.000 KR.

CITROËN GRAND C4 PICASSO
7 MANNA
FRÁ 4.390.000 KR.

KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJA CITROËN C4 PICASSO OG GRAND C4 PICASSO

Hvort sem þú velur 5 eða 7 manna útgáfu er tæknin framúrskarandi og rýmið nánast takmarkalaust. Með snertiskjánum stjórnar þú öllum aðgerðum og fylgist með lágrí eyðslunni. 3 sæti í fullri stærð eru í sætaröð fyrir aftan framsæti. Citroën Grand C4 Picasso var valinn fjölskyldubíll ársins af Top Gear og fjölnotabíll ársins af timaritinu WhatCar. Bílarnir hlutu einnig eftirsóttu viðurkenninguna Gullna styrið í flokki fjölnotabíla.



Nýir og notaðir bílar: Sóludeild er opin alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040



Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frabrugðinn mynd í auglýsingu.
*Ergo býður 40% af verði bílsins að láni án vaxta í allt að þrjú ár. Þetta lánafrirkomulag er í boði fyrir nýja bíla á lager.

HANDBOLTA TILBOÐ **ÁFRAM ÍSLAND!** Á **SAMSUNG** SJÓNVÖRPUM



**Flott tæki -
frábær myndgæði**

**Best af öllu
- fisléttir
verðmiðar:**

5005 LÍNAN:
32" = 99.900
42" = 159.900
46" = 179.900
50" = 229.900



5005 LÍNAN



6675 LÍNAN

**SJÓNVÖRPIN
FRÁ SAMSUNG
ERU EINSTÖK
OG Í ALGJÖRUM
SÉRKLASSA.**

6675 LÍNAN:
40" = 249.900
46" = 289.900
55" = 389.900

6475 LÍNAN:
40" = 194.900
46" = 229.900
55" = 349.900

**Samsung
Blu-ray heimabíóstaða**

Verð áður: 109.900

TILBOÐ: Tilboðsverð: 89.900



HT-F5500



6475 LÍNAN



**OPIÐ DAGA
TIL KL. 18.00**

- og á GLERÁRTORGI · AKUREYRI

SKEIFUNNI 11 · SÍMAR: 550.4444 · www.bt.is

Stofna sjóð til stuðnings fötluðum

Styrktarsjóður Sjálfsbjargarheimilisins í Hátúni 12 var stofnaður í dag. Að honum standa fimm fyrirtæki, auk heimilisins sjálfs sem varð 40 ára 2013.

„Hugmyndin að þessum sjóði kom upp í tengslum við 40 ára afmæli heimilisins á síðasta ári og stofnun þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar,“ segir Tryggvi Friðjónsson, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargarheimilisins í Hátúni 12, og á þar við Styrktarsjóð Sjálfsbjargarheimilisins sem formlega varð til í dag. Auk heimilisins komu fyrirtækin Eirberg, Fastus, Stoð, Öryggismiðstöðin og Össur sér saman um stofnun hans.

„Okkur finnst sérstakt að ná þessum fyrirtækjum öllum að sama borði. Þau eiga það sameiginlegt að hafa verið framarlega í þjónustu við hreyfihamlaða um árabil og hafa nú heitið því að styðja Sjálfsbjargarheimilið með árlegum fjárframlögum, samtals einni milljón króna,“ segir Tryggvi.

gun@frettabladid.is



STOFNENDUR
Bergþóra Porkelsdóttir framkvæmdastjóri Fastus, Agnar H. Johnson framkvæmdastjóri Eirberg, Porkell Sigurlaugsson stjórnarformaður Sjálfsbjargarheimilisins, María Jónasdóttir deildarstjóri stoðtækjadeildar Össurar og Ragnar Þór Jónsson forstjóri Öryggismiðstöðvarinnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

✝

Hjartans þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

BORGHILD INGER STEINGRÍMSDÓTTUR
Árskógum 8, Reykjavík.

Ellen Einarasdóttir Steingrímur Einarsson
Ingvar Einarsson
Guðrún María Einarasdóttir
og barnabörn.

Ólafur Sigurðarson
Sigríður Jóna Sigurjónsdóttir
Kalisuri Murugasan
Viðar Ásgeirsson

✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

EYGERÐAR BJÖRNSDÓTTUR
Lækjargötu 34B, Hafnarfirði.

Börn, tengdabörn og fjölskyldur.

✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

FRÍÐA BJÖRG LOFTSDÓTTIR
Neshaga 15, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 17. janúar. Útförin fer fram í kyrrþey.

Stefanía Magnúsdóttir, Jónína Leósdóttir, Árni Leósson
og fjölskyldur.

✝

Ástkær eiginmaður minn,

JÓHANN HARALDSSON KRÖYER
verkfræðingur,
Miðleiti 8, Reykjavík,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 16. janúar.

Arnbjörg Jóhannsdóttir

✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

GUNNAR SVAVAR GUÐMUNDSSON
Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 8. janúar síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Erna Friðriksdóttir
Valdimar Viðir Gunnarsson
Gunný Gunnarsdóttir
Friðrik Gunnarsson
Þorsteinn Gunnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Dagrún Björnsdóttir
Magnús Hjartarson
Hulda R. Magnúsdóttir
Friða Sæmundsdóttir

✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

LYDÍA PORKELSSON
Hamrahlíð 29, Reykjavík,

lést sunnudaginn 12. janúar á hjúkrunarheimilinu Eir. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 24. janúar kl. 13.00.

Oddur Carl Einarsson
Rannveig Alma Einarasdóttir
Gunnlaug Helga Einarasdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigríður Elín Sigfúsdóttir
Ellert Kristján Steindórsson
Helgi Jóhannesson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

✝

Okkar innlegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við fráfall og útför hjartkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, stjúpmodur, ömmu, systur og mágkonu,

HALLDÓRU BERGPÓRSDÓTTUR
Litlahjalla 1.

Andrés Andrésón
Ándrés Andrésón
Íris Andrésdóttir
Bergþór Andrésón
Jón Þór Andrésón
Eyjólfur Bergþórsson
Nanna Bergþórsdóttir
og barnabörn.

Anna Rut Guðmundsdóttir
Erla Björk Tryggvadóttir
Erla Erlendsdóttir
Ólafur Kjartansson

✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

STEINUNN JÓNSDÓTTIR
(Stella)
áður Víðihvammí 16, Kópavogi,

lést 17. janúar á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð.

Gunnlaugur Y. Sigfússon
Hrefna Sigfúsdóttir
Sigfús Gunnlaugsson
Yngvi P. Gunnlaugsson
Helga Ágústsdóttir
og langömmubörn.

Jóhanna G. Möller
Ágúst Ágústsson
Helena D. Haraldsdóttir
Guðrún H. Guðmundsdóttir
Jóhannes B. Jónsson

✝

Ástkær faðir okkar, bróðir og fóstursonur,

BJÖRN DANIELSSON
lögmaður,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans laugardaginn 18. janúar. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 27. janúar kl. 13.

Ísabella Sch. Björnsdóttir
Hjálmtyr D. Sch. Björnsson
Kristín Halla Danielsdóttir
Brynja Danielsdóttir
Eva María Danielsdóttir
Aron Danielsson
Elín Elísdóttir

✝

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, systir, amma, langamma og langalangamma,

VIÐÍS JÓNSDÓTTIR

lést þriðjudaginn 7. janúar sl. á Droplaugarstöðum. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hennar látnu. Við þökkum auðsýnda samúð og vinarhug. Sérstakar þakkir til starfsfólks Droplaugarstaða fyrir frábæra umönnun.

Jón Otti Ólafsson
Stefán Hallgrímsson
Ásgeir S. Hallgrímsson
Sigurður Jónsson
Jón Otti Jónsson
og ömmubörn.

Jónína M. Aðalsteinsdóttir
Steinunn J. Ásgeirsdóttir

✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

HULDA BJARNADÓTTIR
Laugateigi 31, Reykjavík,

lést á Landspítalanum föstudaginn 17. janúar. Jarðarförin fer fram mánudaginn 27. janúar frá hvítasunnukirkju Filadelfíu kl. 13.00.

Valdís Finnbogadóttir
Ólafur Finnbogason
Sigríður Rósa Finnbogadóttir
Stefán Finnbogason
Trausti Finnbogason
barnabörn og barnabarnabörn.

Rannveig Agnarsdóttir
Völundur Þorgilsson
Guðbjörg Gísladóttir
Kristín Sigurðardóttir
Ingólfur Waage

✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GYÐA GÍSLADÓTTIR KEYSER

lést á Hjúkrunarheimilinu Grund 11. desember 2013. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hennar látnu. Sérstakar þakkir fær starfsfólk V-2 fyrir hlýju og góða umönnun.

Anna Cynthia Leplar
William Gísli Keyser
Carlton Hlynur Keyser
Chloe Gyða Leplar
Simon Cecil Leplar
og barnabarnabörn.

Peter M. Leplar
Rósa Sigurðardóttir
Guðmundur Þórðarson

✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

BJÖRGVIN ÁRNASON
fv. félagsmálastjóri,
Suðurgötu 8, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 18. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 6. febrúar kl. 13.00.

Sigurður Björgvinsson
Svala Björgvinsdóttir
Árni Björgvinsson
Sveinn Vopnfjörð Björgvinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Þórdís Guðjónsdóttir
Baldur Kristjánsson
Friðbjörg Helgadóttir

✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, afi og bróðir,

GUNNAR R. JÓSEFSSON
FELZMANN

lést miðvikudaginn 15. janúar á líknardeild Landspítala í Kópavogi. Útför hans fer fram frá Seltjarnarneskirkju miðvikudaginn 22. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Parkinsonsamtökin.

Hrafnhildur B. Sigurðardóttir
Anna María F. Gunnarsdóttir
Styrmir Friðriksson
Hilda Björk Friðriksdóttir
Sigríð Anna Jósefsdóttir
og Yngvi Örn Guðmundsson

Friðrik G. Friðriksson

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



FJÖLBREYTT OG HOLLT

Fyrir þá sem vilja lifa á fjölbreyttu og hollu fæði er gott að hafa í huga að fæðutegundir á diskunum skiptast í þrjá hluta, einn/þriðji er magurt kjöt, fiskur eða egg, einn/þriðji er kartöflur, pasta eða brauð og einn/þriðji er grænmeti og ávextir.



Nýtt og ferskt!

teg 11001
sem fæst í stærðum
80-100C,D,E
BH kr. 5.800,-
buxur við í M-2XL
kr. 1.995,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opíð frá 10-18 virka daga
Laugadag opíð frá kl 10-14

Vertu vinur



ÞARFTU AÐ PISSA OFT Á NÓTTUNNI?

GENGUR VEL KYNNIR ProStaminus er gríðarlega spennandi náttúrulegt efni fyrir karlmenn sem hafa einkenni góðkynja stækkunar á blöðruhálskirtli.

Margir karlmenn gefa þessu ekki gaum strax en þrýstingurinn sem verður á þvagrás af völdum stækkunar kirtilsins getur m.a. leitt til kraftminni þvagbunu, tíðra þvagláta, erfiðleika við að tæma þvagblöðru og fleira. Í ProStaminus sameinast hefðir og nýsköpun. Það inniheldur einstaka blöndu hörfræja, graskersfræja og granatepla sem er mikilvæg til að viðhalda góðum blöðruhálskirtli og þvaglátum út ævina. Talið er að flestir karlmenn finni fyrir einkennum góðkynja stækkunar blöðruhálskirtils einhvern tímann á ævinni og algengast er að það gerist eftir að 50 ára aldri er náð en kemur þó fyrir hjá yngri mönnum líka.

GÓÐUR NÆTURSVEFN

Ekkert jafnast á við góðan nætursvefn og gefur þetta nýja efni karlmönnum góða von um bætta svefn og ekki síður mökum þeirra sem eiga við þetta algenga vandamál að stríða. Inntaka á ProStaminus er mjög einföld en það þarf einungis 2 töflur á dag, helst með kvöldmat og finna flestir mun innan mánaðar en sumir þurfa að gefa sér u.þ.b. 3 mánuði til að sannreyna að ProStaminus gagnist.

„Þvagbunan var farin að slappast og ég þurfti oft að pissa

„Það er bannað að birgja sig upp af vörum áður en leikurinn hefst, og það er líka bannað að svindla og fresta til dæmis tannlækna-tímum þangað til í vikunni á eftir.“

Grunnframsæsla LÍN þetta skólaár er 144.867 krónur á mánuði.

„Stúdentaráð hefur reiknað út að námsmenn hafi aðeins 1.300 krónur í mat á dag og 750 krónur í allt annað að undanskildu húsnæði, og við miðum við þeirra

útreikninga. Þessi upphæð dugir ekki til að lifa mannsæmandi lífi. Ég er búin að fara bæði til tannlæknis og augnlæknis í þessum mánuði. Læknisheimsóknirnar kostuðu mig sextíu þúsund krónur. Ef ég þyrfti að lifa á námslánnum gæti ég ekki borðað í rúman mánuð eftir þetta, nema með því að taka yfirdrátt.“

Tuttugu manns hafa skráð sig fyrirfram til þátttöku í Hungurleikum LÍN. Öllum er þó heimilt að taka þátt á Instagram. „Við

„Svo sé ég fram á að kaupa mér getnaðarvarnir á miðvikudaginn. Þá er helmingurinn af vikupeningunum farinn.“

Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir

vonum að sem flestir taki þátt, og sérstaklega yfirvöld. Það væri gaman að sjá menntamálaráðherra reyna að lifa á 2.050 krónum á dag.“
ugla@frettabladid.is



Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í
Bæjarbíói



Sýnt er á þri kl. 20:00 og lau kl. 16:00
Sjá sýningarskrá á: www.kvikmyndasafn.is

BRAUTARSTÖÐ FYRIR TVO
Leikstjóri: Eldar Rjazanov

Þíandaleikarinn Platon Rjabínin er á ferðalagi með lest til bæjarins Griboedov til að heimsækja föður sinn. Hann fer úr lestinni á Zastupinsk brautarstöðinni til að fá sér hádegisverð meðan hann bíður brottfarar. Hann neitar að borga framreiðslustúlkunnu Veru fyrir matinn af því að honum finnst hann svo vondur. Þegar kærasti hennar blandar sér í málið missir þíandaleikarinn af lestinni.

Ég þurfti mikið af kynlífi

Rapparinn Kanye West prýðir forsíðu tímaritsins Interview en það er leikstjóri myndarinnar 12 Years a Slave, Steve McQueen, sem tekur viðtalið. Kanye segir fólk oft vilja þagga niður í sér.

„Fólk reynir að gera hluti til að þagga niður í mér og láta mig líta út eins og brjálæðing til að beina kastljósinu frá því sem ég er að reyna að segja,“ segir Kanye. Hann er óhræddur við að taka áhættu.

Rapparinn vakti óskipta athygli á MTV-tónlistarverðlauninum árið 2009 þegar hann fór upp á svið og truflaði þakkarræðu kántríróngkonunnar Taylor Swift. Hann segist hafa verið lengi að jafna sig eftir það.

„Ég þurfti Guð, kynlíf og áfengi... mikið af kynlífi.“ -Ikq

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

10 OSKARS TILNEFNINGAR

GRAVITY

BESTA MYNDIN

„STÓRKOSTLEG MYND“
LARS BUKDAHL, KVIKMYNDATIMARITID EKKO

BORGMAN

HROSS Í OSS

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Við erum öll tengd við náttúruna



Rafmagnið er orðið svo sjálfsagt að við tökum ekki lengur eftir því. Eins og ekkert sé skiptum við út myrkri og kulda fyrir notalega birtu og hlýju, fáum okkur kaffi og fyllum húsið af tónlist.

Þetta er allt náttúrunni að þakka og hvort sem við búum fyrir austan, vestan, norðan eða sunnan erum við öll tengd við náttúruna.

Orka náttúrunnar er nýtt fyrirtæki sem hefur tekið við rafmagnsframleiðslu og sölu frá Orkuveitu Reykjavíkur. Nú geta allir landsmenn notið þeirrar raforku sem Orka náttúrunnar framleiðir á ábyrgan hátt.

Við byggjum á traustum grunni en markmið okkar er enn betri þjónusta við öll þau heimili og fyrirtæki sem treysta á rafmagn frá okkur.



Orkuveita
Reykjavíkur

Orka náttúrunnar er dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur.

Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

ORKA NÁTTÚRUNNAR



ORKA NÁTTÚRUNNAR

Pakklátur fyrir traustið

HANDBOLTI „Peir vildu kannski hleypta mér inn en það kom aldrei annað til greina en að setja þennan bolta í netið.“ sagði nýliðinn Gunnar Steinn Jónsson en hann skoraði sigurmark Íslands í leiknum í gær. Hans fyrsta sigurmark fyrir landsliðið.

„Ég var aldrei í vafa um að ég myndi skora. Ég skildi ekki alveg af hverju ég var svo rekin af velli en það skiptir ekki máli núna. Við vorum að bíða eftir að leikurinn kláraðist í stað þess að ganga frá honum. Sem betur fer gekk þetta upp.“

Gunnar Steinn hefur fengið talsvert traust frá þjálfaranum í Danmörku og nýtt sínar mínútur vel.

„Ég er þakklátur fyrir traustið og fæ að spila lokamínúturnar. Ég er ekki 19 ára og hef alveg spilað nokkra mikilvæga leiki. Þegar gengur vel er líka léttara að koma af bekknum.“



- hbg

Ég hefði viljað verja fleiri skot

HANDBOLTI „Þetta var erfiður leikur og þá aðallega andlega. Það sýnir gríðarlegan styrk að vinna hálfleikinn með þriggja marka mun eftir að hafa lent 4-0 undir.“ sagði Björgvin Páll Gústavsson en það var ekki síst stórleik hans að þakka að Ísland vann sig aftur inn í leikinn.

Björgvin skellti í lás í fyrri hálfleiknum og varði fjórtán skot.

„Ég er þokkalega sáttur við mína frammistöðu en ég hefði viljað verja meira. Ég var í smá vandræðum með Lazarov en það slapp því hinir voru slappir. Ég hefði samt viljað hafa það öfugt. Ásgeir var annars geðveikur og

í miklu stuði í þessum leik. Frábært að fylgjast með honum.“

Það tók sinn tíma fyrir strákana að klára Makedóna og var í raun ekki gert fyrr en alveg í blálokin. Makedónar gáfust ekki upp og komu alltaf til baka. „Við hefðum viljað klára þetta fyrr en mér er samt eiginlega alveg sama fyrst við unnum hvort eð er. Þetta var flott frammistaða á endanum og það eru alltaf nýir menn að stíga upp hjá okkur og í raun alveg sama hver er inná. Gunnar Steinn kemur til að mynda og klárar leikinn fyrir okkur. Það er margt virkilega ánægjulegt í leik okkar.“



- hbg

BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON

ÚRSLIT

EM 2014 Í DANMÖRKU

MILLIRIÐILL 1

ÍSLAND - MAKEDÓNÍA 29-27 (14-11)

Mörk Íslands (skot): Guðjón Valur Sigurðsson 6/2 (8/3), Ásgeir Örn Hallgrímsson 6 (11), Róbert Gunnarsson 4 (4), Þórir Ólafsson 3 (4), Ólafur Guðmundsson 3 (6), Gunnar Steinn Jónsson 2 (3), Snorri Steinn Guðjónsson 2 (3), Vignir Svavarsson 1 (1), Bjarki Már Gunnarsson 1 (1), Rúnar Kárasón 1 (3), Aron Pálmarsson (3).

Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 20/2 (46/6, 43%), Aron Rafn Eðvarðsson (1/1, 0%).

Hraðaupphlaup: 5. Utan vallar: 8 mínútur.

Makedónía - Mörk (skot): Kiril Lazarov 7/1 (11/3), Dejan Manaskov 5/4 (5/4), Goce Georgievski 5 (6), Branislav Angelovski 3 (4), Filip Mirkulovski 3 (6), Stojance Stoilov 2 (4), Zlatko Mojsoski 1 (1), Goce Ojleski 1 (2).

Varin skot: Borko Ristovski 14 (42/1, 33%), Petre Angelov (1/1, 0%).

Hraðaupphlaup: 4. Utan vallar: 10 mínútur.

AUSTURRÍKI - SPÁNN 27-28 (12-14)

DANMÖRK - UNGVERJAL. 28-24 (14-11)

STADAN						
Danmörk	4	4	0	0	117-102	8
Spánn	4	3	0	1	123-113	6
Ísland	4	2	1	1	117-114	5
Ungverjaland	4	1	1	2	117-114	3
Makedónía	4	1	0	3	95-110	2
Austurríki	4	0	0	4	104-116	0

MILLIRIÐILL 2 - LEIKIR DAGSINS

RÚSSLAND - KRÓATÍA KL. 14.45

FRAKKLAND - HV. RÚSSLAND KL. 17.00

PÓLLAND - SVÍPJÓÐ KL. 19.15

STADAN						
Frakkland	3	3	0	0	90-80	6
Króatía	3	2	0	1	83-73	4
Svípjóð	3	2	0	1	83-74	4
Pólland	3	2	0	1	82-80	4
Rússland	3	0	0	3	77-88	0
Hv. Rússland	3	0	0	3	74-94	0



GUÐJÓN VALUR Fyrirliðinn fagnar einu marka sinna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Hendum leiknum í ruslið

HANDBOLTI „Ég er mættur með allt stóðið. Þau verða að sjá hvernig þetta er hjá þabba í vinnunni.“ sagði fjölskyldumaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson en hann var mættur með börnin sín þrjú á viðtalisvæðið eftir leik í gær.

„Við ákváðum að láta keyra yfir okkur í upphafi og það var ekki spes. Ásgeir ákvað að mæta í vinnuna fyrsta korterið en svo komum við hinir smám saman með. Það er hundleiðinlegt að spila við lið sem kemst upp með að spila svona hægt. Það er ánægjulegt að hafa unnið en ég vil henda öllu öðru sem tengist þessum leik í ruslið. Vil ekki sjá hann aftur eða greina hann.“

En eina ferðina náði þjálfarinn að rúlla liðinu vel og allir skiluhú sínu.

„Það hefur gengið vel í síðustu leikjum sem er gott. Við reynum alltaf að taka einn leik fyrir í einu og það er stífgandi í liðinu og hefur gengið vel. Við kiknum ekki undan pressu og ég er ánægður með okkur.“

- hbg

Seiglusigur gegn Makedóníu

Strákarnir okkar brugðust ekki gegn Makedóníu. Eftir brösuga byrjun náðu þeir yfirhendinni og unnu sigur, 29-27. Liðið á enn möguleika á því að spila um fimmta sæti Evrópumótsins sem væri frábær árangur.

Henry Birgir Gunnarsson

henry@frettabladid.is

Daníel Rúnarsson

danielr@365.is

Frá EM í Álaborg



HANDBOLTI Það tók sinn tíma en hundleiðinlegt handboltalið Makedóna var lagt á elleftu stundu með marki nýliðans Gunnars Steins Jónssonar. Leikurinn tók á en sigur Íslands var sanngjarn.

Stefnan var að koma til leiks með látum. Keyra yfir þunga Makedóna og skilja þá eftir í rykinu. Er óhætt að segja að það hafi ekki gengið eftir. Strákarnir okkar voru þeir sem mættu þungir og voru hreinlega sofandi. Er þeir vökn-uðu var staðan orðin 4-0 fyrir Makedóna.

Smám saman tóku þeir þó við sér og Björgvin Páll og Ásgeir Örn ákváðu í sameiningu að taka leikinn yfir. Þeir léku á als oddi. Ásgeir skoraði frábær mörk og bjó nánast öll hin mörkin til á meðan Björgvin skellti í lás í markinu. Hann varði eina fjórtán bolta í hálfleiknum og Ásgeir kom að um tíu mörkum.

Ísland jafnaði, 7-7, eftir níttján mínútna leik og var komið yfir skömmu síðar. Strákarnir höfðu svo þriggja marka forystu í leikhliði, 14-11. Frábær viðsnúningur eftir afar þunga og erfiða byrjun.

Síðari hálfleikur byrjaði því miður nákvæmlega eins og sá fyrri. Makedónar skorðu fyrstu þrjú mörkin og jöfnuðu leikinn. Það var smá basl á sóknarleiknum og Björgvin ekki í sama stuði og í fyrri hálfleik. Strákarnir hleyptu þó Makedónum aldrei fram úr sér en þeir voru samt aldrei langt undan. Strákunum gekk ekkert að hrísta þá almennilega af sér.

Mikil spenna var undir lokin en Gunnar Steinn Jónsson skoraði sigurmarkið nokkrum sekúndum fyrir leikslok. Vel útfærð sókn og nýliðinn brást ekki á ögurstundu. Enn einn sigurinn staðreynd og meðslum hrjád lið Íslands heldur áfram að gera flotta hluti í Danmörku.

Ásgeir Örn vex með hverri raun á þessu móti og hefur spilað frábærlega. Sérstaklega aðdánarverð frammistaða í ljósi þess að hann hefur nánast ekki spilað neinn handbolta í vetur. Hann og Rúnar mynda fint par og allar áhyggjur af hægri vængnum fyrir mót voru óþarfar.

Björgvin Páll átti enn einn stórleikinn en hann hefur verið frábær í öllum leikjum nema einum á mótinu. Fyrirliðinn Guðjón Valur var ekki fjarri því að spila þriðja leikinn í röð með hundrað prósent skotnýtingu. Enn og aftur



TEKIÐ Á PVÍ Sverre Jakobsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson taka hér á skyttunni Filip Mirkulovski sem skoraði þrjú mörk fyrir Makedóníu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

stórkostlegt mót hjá járnmanninum okkar sem bregst aldrei.

Róberti hefur vaxið ásmegin með hverjum leik og hann er að finna taktinn. Svo er gaman að sjá óreyndu strákana koma inn fulla af sjálfstrausti og leysa sín hlutverk vel í hverjum leiknum af öðrum.

Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari hefur stýrt liðinu stórkostlega á þessu móti. Nær að rúlla liðinu vel og fær allt sem hann vill út úr mönnum. Núna sigur gegn fínu liði Makedóníu og það án Arons Pálmarssonar sem gat rétt leikið fyrstu mínútur leiksins. Frammistaðan á mótinu hingað til er mikill sigur fyrir hann.

Ég var eins og Peyton Manning í NFL

Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði sex mörk og átti stórleik fyrir Ísland gegn Makedóníu í Herning í gær.

HANDBOLTI „Ég fann mig vel og þá lætur maður vaða. Það var allt inni hjá mér í dag.“ sagði Ásgeir Örn Hallgrímsson en hann átti stórkostlegan leik gegn Makedónum í gær. Þegar allt var í rugli í fyrri hálfleik tóku hann og Björgvin Páll leikinn yfir.

„Þegar maður skorar þá opnast allt fyrir manni. Sjálfstrausti kemur og allt verður náttúrulegt. Það hægist á leiknum og allir verða opnari en áður. Ég var í „zone-inu“ eins og Peyton Manning gegn New England.“ sagði Ásgeir en hann er mikill áhugamaður um NFL-deildina og missti ekki af leiknum á sunnudag.

„Það gekk ekkert í byrjun hjá

okkur. Svo náðum við því fljótt aftur. Þeir eru góðir í að rífa hraðann niður og drepa leikinn. Þeir spila alveg hundleiðinlega og það er því gott að hafa klárað leikinn. Svo ákváðum við að hafa þetta spennandi í lokin.“

Ásgeir hefur spilað frábærlega á mótinu og það kemur mörgum á óvart enda hefur hann lítið spilað með félagsliði sínu, PSG.

„Ég er sáttur við minn þátt og þetta hefur verið gaman. Það var búið að tala mikið um að ég væri ekkert að spila sem er alveg rétt. Mér fannst ég þurfa að sýna mig og sanna og þar á meðal fyrir sjálfum mér. Ég undirbjó mig mjög vel fyrir mótið og svo hefur þetta gengið mjög vel.“

- hbg



FRÁBÆR Ásgeir Örn skoraði sex mörk fyrir Ísland í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Elmar beið spenntur eftir kallinu

Theodór Elmar Bjarnason er kominn aftur í íslenska karlalandsliðið eftir tveggja ára fjarveru. Elmar ætlar að nýta tækifærið gegn löndum Lars Lagerbäck frá Svíþjóð í Abu Dhabi í dag þar sem segja má að Norðurlandaúrval beggja þjóða leiði saman hesta sína.

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið mætir kollegum sínum frá Svíþjóð í æfingaleik í Abu Dhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmum í dag. Þar sem ekki er um alþjóðlegan leikdag að ræða eru landsliðin án leikmanna sinna sem leika í sterkustu deildum Evrópu. Í raun má segja að um Norðurlandaúrval sé að ræða því allir leikmenn sænska liðsins fyrir utan einn leika í heimalandinu en íslensku strákarnir dreifa sér á Norðurlöndum Danmörku, Noreg og Svíþjóð auk Íslands.

Theodór Elmar Bjarnason er aftur kominn í landsliðið eftir tveggja ára fjarveru. Kappinn hefur einmitt leikið knattspyrnu með félögum á öllum fyrrnefndum Norðurlöndum og fagnar langþráðu tækifæri með landsliðinu.

„Ég hef beið spenntur. Núna fær maður tækifærið og verður að nýta þær mínútur sem maður fær,“ segir miðjumaðurinn sóknarsinnaði. Elmar hefur spilað með Randers í dönsku úrvalsdeildinni undanfarnin tvö ár en liðið situr í fimmta sæti deildarinnar þegar vetrarhlé stendur yfir.

„Ég er alveg pottþéttur á því að ég hef verið að spila minn besta fótbolta í vetur,“ segir Elmar. Vesturbæingurinn uppdaldi segist hafa bætt leik sinn mikið undanfarið ár. Þótt hann hafi verið valinn leikmaður ársins af stuðningsmönnum IFK Gautaborgar árið 2010 séu komin meiri gæði í leik hans í dag. Hann á fast sæti á miðjunni hjá danska liðinu þar sem hann er í hlutverki sóknarsinnaðs miðjumannsins.

„Við spilum 4-4-2 eins og landsliðið gerir þannig að þetta smellpassar,“ segir Elmar. „Vonandi næg ég að sýna með landsliðinu það sem ég hef verið að gera með Randers.“

Vill komast í stærri deildir

Elmar á að baki tíu A-landsleiki auk 27 landsleikja með yngri landsliðum Íslands. Hann þótti gríðarlegt efni á sínum tíma og hélt utan til Celtic í Glasgow þegar hann var sautján ára. Síðan hefur hann spilað með Lyn í Noregi, IFK

Gautaborg í Svíþjóð og nú Randers í samnefndum bæ á Jótlandi. Hann á eitt og hálf ár eftir af samningi sínum við danska félagið en honum líður vel í Danmörku.

„Við erum með fint hús og konan er ánægð hérna úti,“ segir Elmar og bætir við að gott gengi liðsins, sem hafnaði í þriðja sæti deildarinnar í fyrra auk þess að leika til úrslita í bikarnum, skemmi ekki fyrir. Hann stefnir þó hærra.

„Ég er kominn á þann aldur að ef ég gerði nýjan samning gæti orðið erfitt að komast lengra,“ segir Elmar. Hann gæti vel hugsað sér að spila á Englandi eða meginlandi Evrópu.

„Ef ég held áfram að standa mig er það raunhæft.“

Enginn hræddur við rússíbanann

Elmar og félagar í íslenska landsliðinu nýttu frítíma sinn í gær meðal annars til þess að skella sér í rússíbana að hætti arabanna. Sá ku vera sá hraðskreiðasti í heimi og segir Elmar alla leikmennina hafa skellt sér.

„Enginn vildi viðurkenna að hann þyrði ekki í rússíbanann,“ segir Elmar léttur en viðurkennir að hafa fengið mikinn fiðring í magann. „Maður verður að prófa þetta fyrst maður er hérna. Þetta var því líkt stuð.“

KR-ingurinn var síðast valinn í æfingahóp hjá landsliðinu í janúar árið 2012. Þá voru fram undan æfingaleikir við Japan og Svartfjallaland en meiddi viku fyrir brottför komu í veg fyrir þátttöku Elmars í leikjunum. Síðan hefur hann beið eftir kallinu og lýsti meðal annars yfir vonbrigðum í dönskum fjölmiðlum síðastliðið haust með að vera ekki valinn í hópinn í ljósi meiddsla landsliðsfyrirliðans Arons Einar Gunnarssonar. Hann fagnar þeirri fagmennsku sem hann segir á hverju strá í starfshópi liðsins.

„Mér finnst persónulega búið að færa þetta upp á hærra stig,“ segir Elmar sem lék áður undir stjórn Eyjólfss Sværissónar og Ólafs Jóhannessonar í landsliðinu. „Það er meira skipulag, mynd-



TVEIR GÓÐIR Elmar í baráttu við Danann Nicklas Bendner í landsleik í undankeppni Evrópumótsins árið 2008 á Parken í Kaupmannahöfn. Elmar er enn að bíða eftir sínu fyrsta marki með A-landsliði Íslands.

NORDICPHOTOS/AFP

bandsfundir og farið ofan í kjöllinn á hinu og þessu. Á þeim stutta tíma sem maður er hérna kemst maður inn í hlutina og er fljótur að ná þessu.“


Elmar segir aðstæður í austri til fyrirmyndar, hitastig rúmar 20 gráður og hlakkar til leiksins. Flautað verður til leiks í Abu Dhabi í dag klukkan 16 og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og textalýsingu á Vísi.

kolbeintumi@frettabladid.is

Byrjunarliðið Íslands

Leikur Íslands og Svíþjóðar hefst klukkan 16.00 og er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Byrjunarliðið er þannig skipað:

- Hannes Þór Halldórsson, markvörður.
- Ari Freyr Skúlason, fyrirliði
- Indriði Sigurðsson
- Hallgrímur Jónasson
- Birkir Sævarsson
- Matthías Vilhjálmsson
- Theodór Elmar Bjarnason
- Haukur Páll Sigurðsson
- Steinþór Freyr Þorsteinsson
- Jón Daði Böðvarsson
- Arnór Smáráson



MAGNADUR Peyton Manning með bikarinn sem Denver Broncos fékk fyrir að vinna Þjóðardeildina.

Besta sóknin mætir bestu vörninni

Denver og Seattle mætast í úrslitaleiknum í NFL.

NFL Tvö bestu liðin í NFL-deildinni þetta tímabilið, Denver Broncos og Seattle Seahawks, munu eiga við í úrslitaleiknum, Super Bowl, í New York 2. febrúar næstkomandi. Liðin unnu sigra í úrslitaleikjum sinna deilda í fyrrinótt.

NFL er skipt í tvær aðaldeildir, Ameríku- og Þjóðardeild. Seattle hafði betur gegn San Francisco 49ers, 23-17, í úrslitaleik Þjóðardeildarinnar eftir að hafa verið 10-3 undir að loknum fyrri hálfleiknum. Þá greip hin margrómaða vörn Seattle í taumana og sló öll vopnin úr höndum Colins Kapernick, leikstjórnanda San Francisco.

Russell Wilson og félagar hans í sókn Seattle gengu á lagið og gerðu nóg til að veita félaginu tækifæri til að vinna sinn fyrsta meistaratitil frá upphafi.

Hinn margreyndi leikstjórnandi Denver Broncos, hinn 37 ára gamli Peyton Manning, fór fyrir sínum mönnum í sigri liðsins á New England Patriots, 26-16, í úrslitaleik Ameríkudeildarinnar.

Manning fór á kostum í leiknum – kastaði samtals 400 jarda og fyrir tveimur snertimörkum en sókn Denver hefur farið á kostum allt tímabilið.

Super Bowl verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

- es4

Öflug fjáröflun fyrir hópinn

Samsettir fjáröflunarpakkar eða sérsniðnir eftir óskum hópsins

Hafið samband við sölumenn Rekstrarlands og leitið tilboða. Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís og er dótturfyrirtæki Oliuverzlunar Íslands hf.

Skeifunni 11 | Sími 515 1100

www.rekstrarland.is

Stöð 2 kl. 20.05 Á fullu gazi

Fjörugur og skemmtilegur bílaþáttur. Pau Sigríður Elva Vilhjálmssdóttir og Finnur Thorlacius stikla á stóru í bílaheiminum, etja til dæmis frægu fólki saman í hörkukeppni, prufukeyra nýjustu bílana, hnýsast í bílskúra hjá bílageggjum og margt fleira.



Í KVÖLD



EM í handbolta

SJÓNVARPIÐ KL. 20.00 Bein útsending frá leik Pólverja og Svía í milliriðli á EM í handbolta.



Priðjudagskvöld með Frikka Dór

STÖÐ 3 KL. 21.05 Stórsöngvarinn Friðrik Dór stjórnar þessum fjölbreytta og skemmtilega þætti. Honum til halds og trausts verður leikarinn Ásgrímur Geir Logason.



Grey's Anatomy

STÖÐ 2 GULL KL. 20.00 Niunda sería þessa vinsæla dramapáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattleborg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.

Bylgjan kl. 13.00 Rúnar Róberts

Rúnar er í loftinu milli kl. 13 og 16 alla virka daga. Rúnar fylgist með því sem er að gerast í þjóðlífinu hverju sinni, kíkir á sportið ásamt því að gefa þér vænan skammt af góðri Bylgjutónlist til að stytta þér stundirnar við vinnuna.



SPORT
besta sætið

ÍSLAND SVÍPJÓÐ

Í dag kl. 16:00

Vináttulandsleikur í Abu Dhabi
Landsliðið okkar er mætt aftur á völinn. Stjórnur framtíðarinnar ferðast til Abu Dhabi og taka á móti feykisterkum Svíum. Lars Lagerbäck mætir löndum sínum og það eina sem kemur til greina er sigur.

Áfram Ísland!

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Ellen
- 08.45 Malcolm in the Middle
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors
- 10.15 Wonder Years
- 10.40 The Middle
- 11.05 White Collar
- 11.50 Flipping Out
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 The X-Factor
- 14.25 Sjáðu
- 14.55 In Treatment
- 15.25 Lois and Clark
- 16.10 Scooby-Doo!
- 16.30 Ellen
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Stelpurnar
- 19.40 New Girl (9:23)
- 20.05 **Á fullu gazi** Fjörugur og skemmtilegur bílaþáttur. Pau Sigríður Elva Vilhjálmssdóttir og Finnur Thorlacius munu stikla á stóru í bílaheiminum, t.d. etja frægu fólki saman í hörkukeppni, prufukeyra nýjustu bílana, hnýsast í bílskúra hjá bílageggjum og margt fleira.
- 20.30 **The Big Bang Theory** (9:24)
- 20.50 **The Mentalist** (6:22)
- 21.35 **Girls** (3:12)
- 22.05 **Bones** (12:24)
- 22.50 **Daily Show: Global Edition**
- 23.15 **2 Broke Girls**
- 23.40 **The Face**
- 00.25 **Lærkevej**
- 01.10 **Touch**
- 01.55 **Gardener of Eden**
- 03.20 **Arn - The Knight Templar**
- 05.35 **Fréttir og Ísland í dag**

SPORT

- 07.00 **New York - Brooklyn**
- 14.10 **Levante - Barcelona**
- 18.05 **Sportspjallið**
- 18.35 **Spænsku mörkin**
- 19.05 **World's Strongest Man 2013**
- 19.35 **West Ham - Man. City** Bein útsending.
- 21.40 **Kynning á liðum** Kynning á liðunum í Meistaradeildinni í hestaíþróttum. Telma Tómasson hefur umsjón með Meistaradeildinni í hestaíþróttum.
- 23.50 **West Ham - Man. City**

SPORT 2

- 07.00 **WBA - Everton**
- 11.05 **Crystal Palace - Stoke**
- 12.45 **Messan**
- 14.05 **West Ham - Newcastle**
- 17.25 **Premier League World**
- 17.55 **Arsenal - Fulham**
- 19.35 **West Ham - Man. City** Bein útsending
- 21.40 **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
- 22.35 **Messan**
- 23.55 **Football League Show**
- 00.25 **Chelsea - Man. Utd.**

INN

20.00 Hrafnabing 21.00 Stjórnarráðið 21.30 Skuggaráðuneytið

STÖÐ 3

- 16.50 **Junior Masterchef Australia**
- 17.35 **Baby Daddy**
- 17.55 **The Carrie Diaries**
- 18.35 **American Dad**
- 19.00 **Extreme Makeover: Home Edition**
- 19.45 **Hart of Dixie**
- 20.25 **Pretty Little Liars** (20:24)
- 21.05 **Priðjudagskvöld með Frikka Dór**
- 21.35 **Nikita** (20:23)
- 22.15 **Justified** (7:13)
- 22.55 **Arrow** (9:23)
- 23.40 **Sleepy Hollow**
- 00.20 **Extreme Makeover: Home Edition**
- 01.05 **Hart of Dixie**
- 01.45 **Pretty Little Liars**
- 02.30 **Priðjudagskvöld með Frikka Dór**
- 03.00 **Nikita**
- 03.45 **Justified**
- 04.30 **Tónlistarmyndbönd**

Krakastöðin

- 07.00 Dóra könnuður 07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 07.46 Dóddi litli og Eyrnastór 08.00 Áfram Diego, áfram! 08.24 Svampur Sveins 08.46 Hvellur keppnisbíl 08.56 Rasmus Klumpur og félagar 09.00 Ævintýri Tinna 09.22 Brunabíllarnir 09.43 Latibær 09.55 Sumardalsmyllan 10.00 Skógardýrið Húgó 10.23 Elías 10.34 Ævintýraferðin 10.47 UKI 10.52 Tommi og Jenni 11.00 Dóra könnuður 11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 11.46 Dóddi litli og Eyrnastór 12.00 Áfram Diego, áfram! 12.24 Svampur Sveins 12.46 Hvellur keppnisbíl 12.56 Rasmus Klumpur og félagar 13.00 Ævintýri Tinna 13.22 Brunabíllarnir 13.43 Latibær 13.55 Sumardalsmyllan 14.00 Skógardýrið Húgó 14.23 Elías 14.34 Ævintýraferðin 14.47 UKI 14.52 Tommi og Jenni 15.00 Dóra könnuður 15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 15.46 Dóddi litli og Eyrnastór 16.00 Áfram Diego, áfram! 16.24 Svampur Sveins 16.46 Hvellur keppnisbíl 16.56 Rasmus Klumpur og félagar 17.00 Ævintýri Tinna 17.22 Brunabíllarnir 17.43 Latibær 17.55 Sumardalsmyllan 18.00 Skógardýrið Húgó 18.23 Elías 18.34 Ævintýraferðin 18.47 UKI 18.52 Tommi og Jenni 19.00 Ævintýri Samma 20.25 Sögur fyrir svefninn

GULL

- 17.55 **Strákarnir**
- 18.20 **Friends**
- 18.45 **Seinfeld**
- 19.10 **Modern Family**
- 19.35 **Two and a Half Men**
- 20.00 **Grey's Anatomy** (7:24)
- 20.45 **Hannað fyrir Ísland** (2:7)
- 21.30 **Veggfóður** (9:20)
- 22.10 **Nikolaj og Julie** (13:22)
- 22.55 **Anna Pihl** (3:10)
- 23.40 **Sælkeráferðin**
- 00.00 **Cold Feet 5**
- 00.55 **Prime Suspect 6**
- 02.35 **Hannað fyrir Ísland**
- 03.10 **Veggfóður**
- 03.55 **Nikolaj og Julie**
- 04.38 **Anna Pihl**
- 05.28 **Tónlistarmyndbönd**

BÍÓ

- 12.00 **Office Space**
- 13.30 **It's Kind of a Funny Story**
- 15.10 **The Dilemma**
- 17.00 **Office Space**
- 18.30 **It's Kind of a Funny Story**
- 20.10 **The Dilemma**
- 22.00 **Sherlock Holmes: A Game of Shadows**
- 00.10 **Red Lights**
- 02.05 **Game of Death**
- 03.45 **Sherlock Holmes: A Game of Shadows**

RÚV

- 14.35 **EM í handbolta - Milliriðlar**
- 16.30 **Ástareldur** (*Sturm der Liebe*)
- 17.20 **Úmísúmi**
- 17.43 **Millý spyr**
- 17.50 **Vasaljós**
- 18.20 **Tákn málsfréttir**
- 18.30 **Viðtalið** (*Magnús Porkell Bernharðsson*)
- 19.00 **Fréttir**
- 19.25 **Veðurfréttir**
- 19.30 **Íþróttir**
- 19.40 **Kastljós**
- 20.00 **EM í handbolta - Milliriðlar**
- 20.45 **EM stofa** Í þættinum fer Björn Bragi Arnarsson ásamt góðum gestum yfir leiki dagsins og stöðuna á Evrópu-meistaramótinu í handknattleik 2014.
- 21.15 **Castle** (3:23) (*Castle*) Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans.
- 22.00 **Tíufréttir**
- 22.15 **Veðurfréttir**
- 22.20 **Whitechapel** (3:6) (*Whitechapel III*) Breskur sakamálaflakur. Í Whitechapel-hverfinu í London rannsakar lögreglan morðmál sem gæti átt rætur sínar langt aftur í fortíðinni.
- 23.05 **Dicte** (8:10) (*Dicte*)
- 00.00 **Kastljós**
- 00.15 **Dagskrárlök**
- 00.20 **Fréttir**

SKJÁREINN

- 06.00 **Pepsi MAX tónlist**
- 08.00 **Cheers**
- 08.25 **Dr. Phil**
- 09.10 **Pepsi MAX tónlist**
- 16.40 **Got to Dance**
- 17.30 **Dr. Phil**
- 18.15 **Top Chef**
- 19.05 **Cheers**
- 19.30 **Sean Saves the World** (2:18)
- 19.55 **The Millers** (2:13)
- 20.20 **Parenthood** (3:15)
- 21.10 **Necessary Roughness** (8:10) Vinsæl þáttaröð um sálfræðinginn Dani sem aðstoðar marga af bestu íþróttamönnum Bandaríkjanna þegar andlega hlíðin er ekki alveg í lagi.
- 22.00 **Elementary** (3:22) Sherlock Holmes og Dr. Watson leysa flókin sakamála í New York-borg nútímans. Síðustu þáttaröð lauk með því að unnusta Sherlock's, Irine Adler, var engin önnur en Moriarty próffessor.
- 22.50 **The Bridge** (3:13) Spennandi þættir byggðir á dönsku þáttunum Brúin sem nutu mikilla vinsælda. Lík finnst á landamærum Mexíkó og Bandaríkjanna og áður en varir hrannast fórnarlömbin upp.
- 23.40 **Scandal**
- 00.30 **Necessary Roughness**
- 01.20 **Elementary**
- 02.10 **Excused**
- 02.35 **Pepsi MAX tónlist**

Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2014 12.00 Champions Tour 2014 15.00 Golfskóli Birgis Leifs 15.25 Golfskóli Birgis Leifs 15.50 European Tour 2014 19.50 Golfing World 2014 20.45 PGA Tour 2014 - Highlights 21.40 Feherty 22.25 Golfing World 2014 23.20 PGA Tour 2014 - Highlights

Fáðu þér áskrift!

365.IS

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn

FM 102,2 Útv. Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

Nicorette® QuickMist munnholsúðinn



virkar á 60 sek.

- og reykingalöngunin minnkar

Nicorette QuickMist munnholsúði er nikótínlyf sem dregur úr fráhrarfseinkennum og nikótínþörf þegar reykingum er hætt.

Frásog nikótíns er hraðara við notkun munnholsúðans samanborið við Nicorette nikótíntyggigúmmí eða Nicorette munnsogstöflur.

Nicorette® QuickMist



2 pakkningastærðir:
1 stk. og 2 stk.

- Úðist í munn við reykingaþörf
- 1 mg nikótín í hverjum úða
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Virkar á 60 sekúndum
- Er með mintubragði
- Hvert úðahylki inniheldur 150 úða
- Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

nicorette auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette® QuickMist munnholsúði, lausn (inniheldur nikótín, inniheldur hjálparefnið etanól/alkohól, innan við 100 mg af etanóli/úða) er ætlaður til meðferðar við tóbaksfíkn með því að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum. Helst á að nota lyfið samhliða atferlismeðferð ásamt stuðningi. Skammtar: Hætta skal reykingum á meðan meðferð stendur. Börn yngri en 18 ára eiga ekki að nota lyfið. Fullorðnir: Nota má allt að 4 úða á klst. en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun og ekki fleiri en 64 úða á 16 klst. á sólarhring. Eftir 6 vikna meðferð á að byrja að draga úr daglegum úðafjölda. Ekki er mælt með notkun lengur en 6 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma til að koma í veg fyrir bakslag. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem aldrei hafa reykt. Varnaðarorð: Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar og leita ráða hjá lækni við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa fengið ofnæmisþjóg eða ofsakláða, eru með skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhöf, krömfiklaæxli, skeifugarnar- eða magasár eða vélindabólgu. Yfirfærð ávanabinding getur komið fyrir. Gæta skal þess að úða ekki í augu. Aðgát í návist barna: Nikótínkammtar sem fullorðnir þola geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir litlum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Meðgangi og brjóstgjöf: Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst til fósturs og hefur áhrif á öndunarhreyfingar og blóðrás þess. Nikótín berst í brjóstamjólki í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC/2013-12-Q-1



BESTI BITINN



„Nýi uppáhaldsveitingastaðurinn minn er eþrópska veitingahúsið Minilik á Flúðum. Tengdaforeldrar mínir buðu fjölskyldunni út að borða á þessum stað um síðustu helgi. Maturinn þar er ódýr, góður og framandi.“

Þorbjörg Helga Porgilsdóttir leikkona.

Fríkað hvað fólk er sammála

Óskar Jónasson er með fjórðu þáttaröðina í bígerð og stendur til að gera nýu þætti.

„Fjórða þáttaröðin af Pressu hefur verið í bígerð í nokkuð marga mánuði,“ segir Óskar Jónasson kvikmyndagerðarmaður. „Þriðja þáttaröðin lukkaðist vel og það hefur verið áhugi fyrir að vita hvað verður um þetta fólk. Það er dálítið erfitt að hitta í mark með þáttaraðir en það virðist hafa gerst með Pressu,“ segir Óskar. „Ég held það sé meðal annars vegna þess að í henni er fjallað um fólk sem áhorfendur tengja við. Fólk sem þarf að tvinna saman vinnu og fjölskyldulíf. Það skutlar börnum í skólann og tómstundir á sama tíma og það slekkur elda í vinnunni.“

Óskar tekur fram að aðstandendur þáttanna séu ekki enn búnir að fá framleiðslustyrk frá Kvikmyndasjóði til þess að gera þættina.

„Við erum þó farin að bollaleggja næstu skref. Það

stendur til að gera nýu þætti í stað sex eins og venjulega. Við höfum fengið álitsgjafa til að segja skoðun sína á því hverjar áherslurnar eiga að vera í fjórðu seríu. Það er fríkað hvað fólk er sammála. Flestir vilja einblína meira á Láru og Öldu dóttur hennar.“

Ýmislegt annað er á döfinni hjá Óskari. Hann hefur verið ráðinn til þess að leikstýra mynd þar sem Marisa Tomei fer með eitt aðalhlutverka. Tökur áttu að hefjast í fyrra, en þeim var frestað.

„Myndin er ennþá fyrirhuguð í sumar ef allt gengur eftir. Frestunin kemur ekki til af góðu heldur vegna þess að til stóð að James Gandolfini léki annað aðalhlutverkið í myndinni. Hann féll skyndilega frá á besta aldri, sem var mjög dapurlegt.“



PRESSA OG BÍÓMYND Óskar hefur í nægu að snúast. MYND/GVA

FRÉTTABLAÐIÐ

LJÓÐSTAFUR

Jóns úr Vör

Verðlaun í ljóðasamkeppninni **Ljóðstafur Jóns úr Vör** verða veitt í þrettánda sinn í dag, **þriðjudaginn 21. janúar, kl. 17.00 í Salnum.**

Tíu ljóð verða verðlaunuð.

Á sama tíma verða veitt verðlaun í ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs.

Léttar veitingar að dagskrá lokinni.

Allir hjartanlega velkomnir!

Kópavogsbær

kopavogur.is



MÚSÍKALSKT PAR Sigríður Eyrún Friðriksdóttir og Karl Olgeirsson vinna hörðum höndum að undirbúningi Eurovision-undankeppninnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Mikil ást í Eurovision

Listræna parið Sigríður Eyrún Friðriksdóttir og Karl Olgeirsson komust inn í undankeppni Eurovision. Þau kynntust í söngleikum Ef lífið væri söngleikur.

„Þetta var bara eins og í ævintýrunum, hvernig ástin sótti að okkur,“ segir söng- og leikkonan Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, betur þekkt sem Sigga Eyrún, um upphaf ástarsambands síns við tónlistarmanninn Karl Olgeirsson. Þau kynntust í vor, í kabarettinum Ef lífið væri söngleikur.

„Hann var svo rosalega flinkur á píanó að ég gat bara ekki látið hann vera. Margrét Eir á líka sinn þátt í þessu, hún talaði um að þetta væri góð hugmynd,“ segir Sigga Eyrún létt í lund.

Þau hafa verið óaðskiljanleg síðan þau kynntust og umlykur ástin þetta mikla hæfileikafólk. „Það var alveg greinilegt hvert stefndi hjá okkur,“ segir Karl Olgeirsson um upphafið.

Þau vinna mikið saman í tónlistinni og hófu upptökur á plötu í haust en fyrsta smáskífulagið af þeirri plötu, Er ást í tunglinu?, hefur fengið talsverða spílun og

athygli á útvarpsstöðvum landsins. „Ég er að fá æðisleg viðbrögð við laginu,“ bætir Sigga við.

Hins vegar hefur vinnsla plötunnar verið sett á ís þar sem parið komst inn í undankeppni Eurovision.

Er ekki erfitt fyrir þau að vinna saman í tónlist? „Það er mjög þægilegt að vinna með henni í músíkinni, við erum bæði mjög hreinskilin hvort við annað en það er auðvitað ekkert gefið að geta unnið vel saman í list,“ útskýrir Karl.

Hann gaf Siggu sinni úkúlele þannig að þau geta samið saman en fyrir kunni hún á gítar og gat notað þann grunn í úkúlelespílamenskuna.

„Ég verð aldrei þreytt á að hlusta á hann spila, hann er svo mikill snillingur,“ segir Sigga spurð út í spílamenskuna á heimilinu. „Hann er vog og ég er naut, ég er þrjósk og ákveðin en vogin er alltaf að vega og meta þannig

“Hann er vog og ég er naut, ég er þrjósk og ákveðin en vogin er alltaf að vega og meta þannig að við fullkomnum hvort annað.“

Sigríður Eyrún Friðriksdóttir

að við fullkomnum hvort annað,“ útskýrir Sigga.

Spurð út í Eurovision-atrðið segjast þau ætla að leggja mikið upp úr skemmtilegu og flottu atríði.

„Cameron Corbett er danshöfundurinn í laginu en hann er danshöfundur í Spamalot. Svo voru allir nema tveir sem tengjast atríðinu með mér í Mary Poppins þannig að við þekkjumst öll mjög vel,“ segir Sigga en þau fengu meðal annars ráð frá reynsluboltan Páli Óskari varðandi lagið.

gunnarleo@frettabladid.is

200 umsóknir á átta dögum

Gaman Ferðir óska eftir frjóum Íslendingum til að skipuleggja sérferðir.

„Það varð allt vitlaust þegar auglýsingin var birt í Fréttablaðinu,“ segir Þór Bæring Ólafsson, sem er eigandi Gaman Ferða ásamt Braga Hinriki Magnússyni. Gaman Ferðir auglýstu eftir starfsmönnum og samstarfsfélögum í skipulagningu og eftirfylgni á sérferðum til útlanda á vegum fyrirtækisins.

„Við vildum bæta úrval ferða hjá okkur og fá reynslubolta til að hjálpa til við að búa til ferðir í kringum sín áhugamál. Til dæmis sendi hjólreiðagarpur inn umsókn og vildi plana hjólreiðuferðir og svo framvegis,“ útskýrir Þór Bæring en alls bárust tæplega tvö hundruð umsóknir á átta dögum. Þá sótti um kona sem


hefur farið víða um heim á línuskautum og vildi plana línuskautuferð um allan heim. Nokkur þjóðþekkt nöfn hafa sótt um starf hjá Gaman Ferðum en Þór vill ekki gefa upp hver þau eru.

Upphaf Gaman Ferða má rekja til ársins 2003. „Þá stofnuðum við ferðaskrifstofuna Markmenn en sú ferðaskrifstofa náði að lækka verð á fótboltaferðum töluvert og úr varð alvörusamkeppni á þessum markaði. Árið 2005 keypti Iceland Express ferðaskrifstofuna Markmenn og í kjölfarið breyttist nafnið í Express Ferðir. Árið 2007 sögðum við skilið við Express Ferðir. Þá fórum við í það að mennta okkur aðeins meira sem er alltaf



SKEMMTILEGAR FERÐIR Þór Bæring og Braga Hinrik, eigendur Gaman Ferða, á Santiago Bernabeu, heimavelli Real Madrid. MYND/EINKASAFN

gott.“ Árið 2012 voru svo Gaman Ferðir stofnaðar en WOW air er helsti samstarfsaðili þeirra. -glp



ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ

DOMINO'S

1000 KR.

Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og laufléttan botn.

HEIT ALLA LEIÐ HEIM

Fyrir **aðeins 699 kr.** færðu þína eigin hitatösku
á Domino's sem þú getur notað aftur og aftur!



KJÖTVEISLA: Skinka, pepperoni og nautahakk

📞 SÍMI 58 12345 📱 DOMINO'S APP 🌐 WWW.DOMINOS.IS

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikhúsið skreytt með pöddum

Leikhópurinn Vesturport frumsýnir Hamskiptin 28. janúar í Royal Alexandra-leikhúsinu í Toronto í Kanada og verða sýningar fram til 10. mars. Björn Thors, Unnur Ösp, Edda Arnljótsdóttir, Tom Mannion og Víkingur Kristjánsson leika í sýningunni en markaðsdeild leikhússins er búin að skreyta leikhúsið með kakkalökkum í anda sýningarinnar. Miðasala fer vel af stað, segir Gísli Örn Garðarsson leikstjóri. „Nú þegar er búið að selja yfir fjörutíu þúsund miða.“

- lkg



Með SME í rúmið

Fjölmíðlamaðurinn Sigurjón Magnús Egilsson, sem líka svarar gælunafninu SME, fagnaði sextugsafmæli sínu í Iðusölum síðastliðinn föstudag. Þar var komið margt góðra gesta til að samfagna honum, þar á meðal Geir H. Haarde, fyrrverandi ráðherra, Katrín Jakobsdóttir, þingmaður og formaður Vg, og Tómas Tómasson veitingamaður (Tommi í Bullunni). Skemmtiatriði önnuðust Valgeir Guðjónsson tónlistarmaður og Jóhannes Kristjánsson eftirherma. Þá var dreift í veislunni blaði sem búið var að búa til um SME og hafði hann sjálfur á orði að þetta væri ánægjulegt, gestir gætu nú haft hann með sér heim og alla leið upp í rúm.

- óká



Mest lesið VÍSIR

- 1 Fann svipaða flík á netinu á fimm sinnum lægra verði en á Íslandi
- 2 HSÍ fundar með Austurríkismönnum
- 3 Björgvin Páll: Ég er í finni vinnu
- 4 Tjónið í Lærdal nemur rúmum tveimur milljörðum
- 5 Áhættufíkillinn James Kingston slær öll met

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

Rýmum

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Takmarkað magn
Allt á að seljast

til fyrir nýjum heilsudýnum og bjóðum því góðan afslátt af frábærum verðum!
Komdu og gerðu ævintýrlega góð kaup!

Saga / Freyja / *Memory

Millistíf dýna Stíf dýna

Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður lágbakstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði. Þrýstijöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti. Allar dýnur með PU leðurbotni og fótum

Stærð cm	Verð	Verð nú
*80 x 200	kr. 94.900	kr. 80.665
*90 x 200	kr. 99.900	kr. 84.915
100 x 200	kr. 109.900	kr. 93.415
*120 x 200	kr. 119.900	kr. 101.915
*140 x 200	kr. 139.900	kr. 118.915
153 x 203	kr. 144.900	kr. 123.165
*160 x 200	kr. 149.900	kr. 127.415
*180 x 200	kr. 169.900	kr. 144.415
180 x 210	kr. 179.900	kr. 152.915
193 x 203	kr. 189.900	kr. 161.415

15% afsláttur



Óðinn

Hágæða svæðisskipt heilsudýna

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður lágbakstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði. Þrýstijöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti. Allar dýnur með PU leðurbotni og fótum

Stærð cm	Verð	Verð nú
160x200	kr. 229.900	kr. 172.425
180x200	kr. 249.900	kr. 187.425
180x210	kr. 269.900	kr. 202.425
193x203	kr. 289.900	kr. 217.425

25% afsláttur



Pór

Hágæða svæðisskipt heilsudýna

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður lágbakstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði. Þrýstijöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti. Allar dýnur með PU leðurbotni og fótum

15% afsláttur



20-60% afsláttur

Handklæðum Sloppum Völdum sængurverum o.fl.

12 mán. vaxtalaugar greiðslur*

20% afsláttur af lökum og hlífðardýnum við dýnukaup.

Svefn & heilsa

★★★★★

Fimm stjörnu verslun

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

*3.5% lántökugjald